



Ingibjörg Jónasdóttir, hafisfræðingur hjá Háskóla Íslands, segir óljóst hvaða stefnu borgarísjaki í mynni Eyjafjarðar taki. „Þó að þeir séu svona stórir og luralegir eru þeir eldsöggir að snúast þegar jafnvægispunkturinn breytist allt í einu og þá er ekki gaman að vera nálægt. Bæði ryðja þeir bylgjum frá sér og einnig getur hrunið úr þeim á fólk.“ MYND/RÖGNVALDUR MÁR HELGASON

Ómögulegt að segja til um bótafjárhæð

Ekkert fordæmi er til um mál áþekkt Guðmundar- og Geirfinnsmálinum. Fimm manns voru sýknaðir af þætti sínum í hvarfi eftir að hafa hlotið dóm fyrir brotið fyrir 38 árum. Mögulega er heppilegra að greiða sanngirnibætur í stað bóta á grundvelli laga um meðferð sakamála.

DÓMSMÁL Ómögulegt er að sjá fyrir upphæð mögulegra bóta til sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmálinum. Málin séu með öllu fordæmalaus. Þetta segir dósent í réttarfari við Háskóla Íslands.

Siðastliðinn fimmtudag sýknaði Hæstiréttur Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Júlíusson, Tryggva Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson af ákærum er vörðuðu hvörf Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar árið 1974. Samanlagt voru mennirnir rúm sextán ár í gæsluvarðhaldi.

Deigi síðar sendi forsætisráðherra frá sér yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þar sem sakborningar

Þetta eru náttúrulega mál sem eru afar sérstaks eðlis og algjörlega fordæmalaus

Kristín Benediktsdóttir, dósent í réttarfari við Háskóla Íslands

og aðstandendur þeirra voru beðnir afsökunar á því ranglæti sem þeir hafa mátt þola. Samtímis var sagt frá því að skipaður yrði starfshópur, með fulltrúum forsætisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, sem fengi það verkefni að leiða áttavið-

ræður við aðila málanna og aðstandendur þeirra vegna miska og tjóns sem þau hafa hlotið af þeim.

Í lögum um meðferð sakamála er að finna heimild til að greiða ákæru-um bætur hafi hann verið sýknaður með endanlegum dómi eða mál hans felld niður. Þá er þar heimild til að greiða bætur vegna þeirra rannsóknaraðgerða sem hann hefur mátt þola. Að endingu er þar heimild til að greiða bætur hafi „saklaus maður [hlotið] dóm í sakamáli“ og þolað refsingu. Dæmdar bætur á grundvelli greinarinnar eru yfirleitt ekki háar.

„Þetta eru náttúrulega mál sem eru afar sérstaks eðlis og algjörlega fordæmalaus. Mér þykir sennilegt að

einhvers konar sanngirnibætur, líkt og í tilfelli vist- og meðferðarheimilanna, þó um nokkuð eðlislík mál sé að ræða, verði greiddar,“ segir Kristín Benediktsdóttir, dósent í réttarfari við Háskóla Íslands.

Aðspurð segir Kristín ómögulegt að gera sér mögulega bótafjárhæð í hugarlund þar sem ekkert sambærilegt mál fyrirfinnst í íslenskrum réttarsögu sem hægt sé að miða við.

Yrði sú leið farin þyrfti að setja sérstök lög um efnið þar sem nógildandi lög um sanngirnibætur ná aðeins til stofnana sem valdsvið vistheimilanna nefndar nær til. Hámark bóta samkvæmt þeim lögum er nú 7,2 milljónir króna til hvers og eins. — **joe**




Danir syrgja Kim Larsen

FÓLK Danir syrgja nú tónlistarmanninn og alþýðuhetjuna Kim Larsen sem lést í gær. Banamein Larsens var krabbamein í blöðruhálskirtli.

Fáum hefur tekist að tengja sig jafn djúpt í dönsku þjóðarsálina segir poppræðingurinn Kjartan Guðmundsson, mikill aðdáandi Larsens. Segja má að þjóðarsorg sé nú í Danmörku vegna fráfalls þessa merka tónlistarmanns sem heimsótti Ísland oft en einu sinni. — **joe** / sjá síðu 20

Fréttablaðið í dag



Halldór

SKOÐUN Guðmundur Steingrímsson vill að fólk djammi þrátt fyrir hrunið. **9**

SPORT Valmenn Íslandsmeistarar annað árið í röð. **12**

LÍFIÐ Prins Póló verður Prins Jóló um miðjan desember. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlákönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Actavis

NUTRILENK

öflugur liðstyrkur



4BLS BÆKLINGUR

Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TOLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2

Veður



Stíflaustan átt og rigning eða slydda. Dregur úr vindi og úrkomu norðan- og norðvestanlands. Vestan hvassviðri á Suðurlandi. **SJÁ SIÐU 22**



Goðafoss í Skjálfandafljóti er tignarlegur. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Bjargað eftir fall í klettum við Skjálfandafljót

LÖGREGLUMÁL Erlendum ferðamanni á sextugsaldri var bjargað í gær úr í klettum í Skjálfandafljóti talsvert neðan við Goðafoss. Maðurinn hafði fallið fram af klettunum og reyndist vera með talsverða áverka á höfði og var við skerta meðvitund er náðist til hans að sögn lögreglu. Hann var lemsraður við um líkamann.

» Hlúð var að manningu á Akureyri en hann síðan fluttur með þyrli til frekari meðferðar á Landspítalanum í Reykjavík.

„Ágætlega gekk að komast til hans en hann hafði staðnæmst í klettunum og féll því aldrei í Skjálfandafljóti sjálft.“ segir í tilkynningu sem lögregla sendi frá sér síðdegis í gær. Ferðamaðurinn var fluttur til Akureyrar og síðan með þyrli til Reykjavíkur. „Þessi aðili er á ferðalagi hér á landi ásamt fjölskyldu sinni og nutu þau áfallahjálpar hjá áfallateymi Rauða krossins á Akureyri.“ -gar

Kátir voru karlar



Vegagerðin fékk í gær Hvalfjarðargöngin afhent til eignar. Við athöfn af því tilefni voru meðal annarra Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, og tveir fyrrverandi samgönguráðherrar, Steingrímur J. Sigfússon úr VG og Halldór Blöndal úr Sjálfstæðisflokki. Sigurður Ingi Jóhannsson, núverandi samgönguráðherra úr Framsóknarflokki, var einnig á staðnum ásamt Hreini Haraldssyni, fyrrverandi vegamálastjóra. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Harðnandi tonn gegn stefnu May

BRETLAND Gjáin í breska íhaldsflokknum vegna útgöngumála breiðkar og dýpkar. Þetta kom í ljós í gær á fyrsta degi landsfundar flokksins, sem haldinn er í Birmingham og er sá síðasti fyrir útgöngu. Sjálf kallaði Theresa May forsætisráðherra eftir því að flokksmenn fylktu sér um útgöngustefnu hennar, sem felur meðal annars í sér áframhaldandi aðild að tollabandalagi ESB og ESB segir ekki ganga upp. Prit Patel, áður ráðherra í stjórn May, sagði að Bretar ættu ekki undir neinum kringumstæðum að samþykkja áætlun forsætisráðherrans. Þeir ættu heldur að búa sig undir samningslausa útgöngu.

Jacob Rees-Mogg, einn leiðtoga útgöngusinna innan flokksins, spáði því svo að hvorki breska þingið né ESB myndu samþykkja áætlunina. Ekki þyrfti þó að óttast samningslausa útgöngu. -þea

Aðstoðarmanni heimilt að flytja þrjú dómsmál

Diljá Mist Einarssdóttir hæstaréttarlögmaður, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, fékk leyfi ráðuneytisins til að flytja dómsmál sem hún var að vinna í er hún gerðist aðstoðarmaður í febrúar. Fær ekki greitt sérstaklega fyrir að flytja málin.

STJÓRNMÁL „Flest málin sem ég var með voru tekin yfir af öðrum starfsmönnum en það voru þrjú mál sem ég átti eftir að flytja og ég fékk undanþágu til að klára það.“ segir Diljá Mist Einarssdóttir, aðstoðarmaður Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra.

Diljá hefur samhliða aðstoðarmannsstarfinu haldið áfram að sinna lögmennsku hjá lögmennsskrifstofunni Lögmál, nú síðast í Hæstarétti í síðustu viku. Hún kveðst í tímabundnu leyfi frá störfum hjá stofunni en hafa fengið grænt ljós frá ráðuneyttisstjóra, þegar hún hóf störf, á að klára úti-standandi mál. Sturla Sigurjónsson, ráðuneyttisstjóri utanríkisráðuneytisins, staðfestir þetta við Fréttablaðið.

„En þegar ég flutti mig yfir í febrúar bar ég það undir ráðuneyttisstjórnann hvort ég gæti klárað úti-standandi mál sem átti eftir að flytja og væru ekki ósamrýmanleg störfum mínum fyrir ráðuneytið.“ segir Diljá.

Par sem aðstoðarmenn eru pólitískt skipaðir þurfti ráðuneytið að meta mögulega hagsmunaaðreksu út frá pólitískum sambengi frekar en stjórnsýsluhlutverki ráðuneytisins.


Diljá segir að um hafi verið að ræða þrjú mál sem hafi átt eftir að flytja og þau hafi öll verið þess eðlis að á það var fallist að hún fengi að klára þau, á launum sem aðstoðarmaður ráðherra. Aðstoðarmenn ráðherra, sem mikið hefur verið fjallað um að undanförunu vegna mikils fjölda þeirra hjá núverandi ríkisstjórn, fá um 1.200 þúsund krónur á mánuði.



Aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Diljá Mist Einarssdóttir, fékk leyfi til að klára þrjú úti-standandi dómsmál eftir að hún hóf störf. FRÉTTABLAÐID/GVA

Ekki minnkar staflinn í ráðuneytinu þó ég skjótt og fari í þessi mál.

Diljá Mist Einarssdóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra



Diljá segir að hún fái ekki greitt sérstaklega fyrir að flytja málin sem um ræðir. En þegar komi til þess að flytja málin, eins og í Hæstarétti á dögnum sem hafi tekið tæver klukkustundir, fái hún fri í vinnunni sem aðstoðarmaður til að skjóttast frá.

„Svo bæti ég það upp síðar því ekki minnkar staflinn í ráðuneytinu þó ég skjótt og fari í þessi mál.“ Aðspurð segir hún það vissulega vera fullt starf og rúmlega það að vera aðstoðarmaður ráðherra.

„Jú, það er það. Maður er aldrei í frii. En það er þannig að þegar maður hoppar skyndilega út eins og ég gerði þarna í febrúar þá getur verið rosalega erfið að setja einhvern annan inn í málin.“

mikael@frettabladid.is

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is



nokian[®]
TYRES



STYRKTU BLEIKU SLAUFUNA & **KAUPTU NOKIAN** **GÆÐADEKK HJÁ MAX1**

NOKIAN eru margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða. Hluti söluágóða af NOKIAN gæðadekkjum hjá MAX1 rennur til Krabbameinsfélagsins í október og nóvember.

Skimaðu eftir réttu dekkjunum í leitarvél á **MAX1.IS**

SÖLUSTADIR:
Bíldshöfði 5a, Reykjavík
Jafnasel 6, Reykjavík
Dalshraun 5, Hafnarfirði

OPIÐ:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga kl. 9-13

ADALNÚMER:
515 7190



STOLTUR STYRKTAÐILI BLEIKU SLAUFUNNAR

Átta gerðu tillögur um Stjórnarráðsreit

FRAMKVÆMDIR Alls bárust átta tillögur í hugmyndasamkeppni um skipulag á Stjórnarráðsreitnum sem markast af Ingólfsstræti, Skúlagötu, Klapparstíg og Lindargötu.

Það skýrist á morgun, þriðjudag, hversu margar tillögur bárust í framkvæmdasamkeppni um nýja viðbyggingu við gamla Stjórnarráðshúsið.

Stefnt er að því að á Stjórnarráðsreitnum verði byggt upp framtíðarhúsnæði fyrir öll ráðuneyti að undanskildu forsætisráðuneytinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að húsnæði Landsréttar verði á reitnum en til greina kemur að fleiri stofnanir verði þar til húsa.

Fyrirhuguð viðbygging við Stjórnarráðshúsið á að vera 1.200 fermetrar að stærð og er ætlað að hýsa flestar skrifstofur forsætisráðuneytisins, fundarými og aðstöðu fyrir fjölmiðla.

Stefán Thors, sem er formaður dómnefndar, segir að niðurstöður eigi að liggjá fyrir í nóvember og vinningstillögur verði tilkynntar 3. desember næstkomandi.

Í kjölfarið verður svo sett upp sýning í Safnahúsinu þar sem hægt verður að sjá allar tillögurnar í báðum samkeppnum. – sar



Til stendur að reisa viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Evrópuðómstóll úrskurðar gegn auknu gagnsæi

ESB Þingmenn á Evrópuþinginu þurfa ekki að gera grein fyrir í hvað þeir verja þeim rúmlega fjögur þúsund evrum, jafnvirði ríflega hálfar milljónar króna, sem þeir fá á hverjum mánuði í styrk vegna skrifstofuhalds í heimalandi sínu. Þetta hefur Evrópuðómstóllinn úrskurðað.

Evrópuþingið hafði bæði greitt atkvæði gegn auknu gagnsæi og neitað að afhenda samþokum rannsóknarblaðamanna upplýsingar um hvernig styrknum væri varið. Þeir skutu þá málinu til Evrópuðómstólsins. Samtökin greindu frá því máli í fyrra að fjöldi þingmanna héldi ekki skrifstofur og eyddi fénu í annað en til væri ætlast. – ibs

Fleiri þiggja heimfararstyrk

DANMÖRK Flóttamönnum og innflytjendum sem þiggja heimfararstyrk frá dönskum stjórnvöldum fer fjöldandi. Um 150 þáðu slíkan styrk á árunum 2014 og 2015 en yfir 300 á árunum 2016 og 2017. Í lok ágúst á þessu ári höfðu 232 þegjið heimfararstyrk.

Innifalið í heimfararstyrknum er kostnaður vegna flugmiða og flutnings. Auk þess fá viðkomandi 133.866 danskar krónur, eða rúmar 2,3 milljónir íslenskra króna, til þess að koma undir sig fótunum í heimalandinu. – ibs

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Nýr ritstjóri WikiLeaks segir áhugaverð verkefni í vinnslu

Kristinn Hrafnsson, nýr ritstjóri WikiLeaks, segir aðför að frelsi Assange grófa. Fyrsta verkefnið undir hans stjórn komið í loftið. Segir ekki skipta máli þótt tölvupóstar Demókrata kæmu frá Rússum. Gagnrýnir aðför Demókrata að stjórnarskrá Bandaríkjanna.

FJÖLMÍDLAR WikiLeaks birti á föstudag sína fyrstu umfjöllun frá því að blaðamaðurinn Kristinn Hrafnsson tók við ritstjórn á þeim bænum. Í samtali við Fréttablaðið segir Kristinn að það hafi verið mjög áhugavert. Um var að ræða niðurstöður leynilegs gerðardómstóls í París og var snert á vopnaviðskiptum og spillingu „sem virðist nánast alltaf viðloðandi slík viðskipti“, að því er Kristinn segir frá. Verkefnið var unnið í samstarfi við Der Spiegel í Þýskalandi, La Repubblica í Ítalíu og Mediapart í Frakklandi.

Twitter-síða WikiLeaks greindi frá því á miðvikudaginn að Julian Assange, stofnandi samtakanna, hefði skipað Kristin nýjan ritstjóra. Að sögn Kristins kom það til í ljósi þess að skorið var á öll samskipti Assange umdheiminn í mars. Gestakomur voru bannaðar og lokað var á síma og nettingu. Það skýrist af stjórnarskiptum í Ekvador.

Að sögn Kristins standa viðræður nú yfir og hafa lögræðingar Assange komið því á framfæri við stjórnvöld að þeim þyki ástandið ótækt. Um sé að ræða brot gegn stjórnarskrá Ekvadors. „En það hefur ekki leitt til jákvæðrar niðurstöðu enn.“

Kristinn hóf störf fyrir WikiLeaks



Kristinn gagnrýnir meðferð Ekvadors á Assange. NORDICPHOTOS/AFP

árið 2010 en dró sig í hlé árið 2016. Gegndi hann meðal annars starfi talsmanns samtakanna. „Ég hef engu að síður haldið áfram síðan þá með ýmis verkefni. Meðal annars því að fylgja eftir dómsmálum sem ætla engan endi að taka hér á Íslandi gagnvart Valitor. En nú sér fyrir endann á því. Það verður tekið fyrir í málflytningu nú í desember.“

Undanfarin misseri, eða allt frá því

WikiLeaks birti tölvupósta innherja úr bandaríska Demókrataflokknum fyrir forsetakosningarnar 2016, hefur því verið haldið fram að samtökin hafi fengið póstana frá rússneskum leyniþjónustuhökkurum og eigi í einhverju sambandi við rússnesk stjórnvöld. Kristinn segir

sína sýn á þetta mál einfalda. Hann viti ekkert um uppruna skjalanna enda var hann ekki sjálfur við störf á þeim tíma.


„Það breytir því ekki að Julian hefur sagt sjálfur að heimildin sé hvorki rússnesk né ríkisstofnun. Hvernig sem það var þá breytir það því ekki að það berast gögng til samtakanna sem þau svo vinna úr eins og hver annar fjölmiðill. Skoðar þau og metur hvort það sé í almannabágu að birta þau. Við jákvæða niðurstöðu eru þau birt. Þetta er ekki flókið mál,“ segir Kristinn og bætir því við að uppruni skjalanna skipti ekki máli. Íslenskir hæstaréttardóm-ar hafi fallið máli hans til stuðnings.

Þá gagnrýnir Kristinn það að Demókratar hafi ákveðið að höfða einkamál í Bandaríkjunum gegn meðal annars WikiLeaks og segir það sýndaraðgerð. „Það er með ólíkindum að það sé Demókrataflokkurinn sem gerir með þessu eina alvarlegustu aðförina að fyrsta viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar í áratugi. Það hefur farið um ansi marga. Meðal annars hafa prófessorar sem hafa sérhæft sig í fjölmiðlarétti tjáð sig um það að þetta sé gríðarlega alvarlegt,“ segir Kristinn en viðaukinn fjallar meðal annars um fjölmiðlalefslu.

Að mati Kristins er með þessu verið að höggva nærri hinum hefðbundnu fjölmiðlum. Enginn munur sé á WikiLeaks og til dæmis New York Times hvað þetta varðar.

„Við skulum ekki gleyma því heldur að líklega er ein mesta lekamaskina í bandarísku samfélagi stjórnvöld sjálf í Washington. Þau stunda það grimmt að leka kerfisbundið upplýsingum sem þau telja að sé þeim til hagsbóta að birtist,“ segir Kristinn að lokum.

thorgnyr@frettabladid.is



ALDREI
MEIRA
ÚRVAL

BÓKA
MARKAÐUR
Á FISKISLÓÐ 39
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10-19

EKKI
MISSA AF
ÞESSU!

LÝKUR Á
MORGUN

ALDREI
BETRA
VERÐ

MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

HÁFJALLAMÚSÍK Á JÓLUM
★
**EGILL
OLAFSSON**

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR
26 DES ELDBORG 2018



Miðasala hefst föstudaginn 5. október kl. 12.00.
Frekari upplýsingar á harpa.is eða egillolafsson.is og í síma 528 5050.

Segja Trump ekki stýra rannsókninni

BANDARÍKIN Demókratar lýstu um helgina áhyggjum sínum af því að Hvíta húsið setti takmarkanir við viðfangsefni bakgrunnssrannsóknar alríkislögreglunnar (FBI) á Brett Kavanaugh, sem Donald Trump forseti hefur tilnefnt til hæstaréttar.



Brett Kavanaugh dómari.

Dómsmálanefnd öldungadeildar þingsins samþykkti tilnefninguna á þriðjudag en kom því þó í gegn að rannsókn á Kavanaugh yrði opnuð á ný vegna ásakana kvenna á hendur tilnefnda um kynferðisbrot. Rannsóknin má ekki taka lengri tíma en viku.

Sarah Sanders, upplýsingafulltrúi Hvíta hússins, sagði svo í gær að alríkislögreglan hefði frjálstar hendur og gæti rannsakað allar ásakanir á hendur Kavanaugh. NBC hafði greint frá því að forsetaembættið hefði bannað FBI að rannsaka á sökun Julie Swetnick um að Kavanaugh hefði staðið að hópnaðgunum.

Hæstiréttur kemur saman á mánudaginn. Eins og stendur er þar einungis átta dómara. – þea

Í haldi fyrir morð Kuciaks

SLÓVAKÍA Dómsstóll í Slóvakíu úrskurðaði fjóra í gæsluvarðhald í gær þar til mál þeirra fer fyrir dóminn, en viðkomandi eru ákærð fyrir að hafa myrt rannsóknarblaðamanninn Ján Kuciak og Martinu Kusnírová, unnustu hans, í febrúar. Morðin leiddu til umfangsmikilla mótmæla um landið allt á sínum tíma og urðu mótmælin til þess að ríkisstjórn Roberts Fico forsætisráðherra hrökklaðist frá völdum. Fico hafði stýrt landinu meginþorra síðustu tólf ára.

Fjórmenningarnir voru handteknir á fimmtudaginn og lýsti Peter Pellegrini forsætisráðherra yfir ánægju sinni með handtökuna. Sagði málið í algjörum forgangi hjá ríkisstjórninni.

Lögregluvirköld í Slóvakíu hafa áður greint frá því að þau telji að morðingjarnir hafi verið ráðnir til verksins vegna vinnu Kuciaks. Hann hafði rannsakað og birt fréttir um meintu spillingu ríkisstjórnarinnar og meint tengsl stjórnsmálananna við ítalska mafiösa. – þea

Náðu ekki að breyta nafninu í Norður-Makedónía

MAKEDÓNÍA Of litil kjörsókn var í þjóðaratkvæðagreiðslu Makedóna um að breyta nafni ríkisins í Norður-Makedónía til að atkvæðagreiðslan teljist bindandi. Meirihluti á kjörskrá þurfti að taka þátt en það gerði aðeins rúmur þriðjungur.

Íhaldsmenn sniðgengu atkvæðagreiðsluna, meðal annars forsetinn Gjorgje Ivanov. Af þeim sem mættu á kjörstað studdu langflestir breytinguna, eða um niðurtu prósent samkvæmt þeim tölum sem höfðu borist þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Ástæðuna fyrir tilrauninni til að breyta um nafn má rekja til langrar deilu við Grikkland. Í Grikklandi finnst héraðið Makedónía og meirihluti hins sögulega konungdæmis Makedóníu, sem til dæmis Alexander mikli stýrði. Grikkir hafa lengi krafist þess að þetta fyrirverandi Júgóslavíuríki breyti nafni sínu vegna þessa.

Zoran Zaev forsætisráðherra hefur barist fyrir nafnbreytingunni. Hann hefur meðal annars minnt á að vilji Makedónar ganga í Evrópu-

sambandið eða Atlantshafsbandalagið sé nauðsynlegt að breyta nafninu. Annars geti Grikkir sífellt beitt neitunarvaldi sínu og komið þannig í veg fyrir aðild Makedóna. Ríkisstjórnin gerði þess vegna samning við Grikki. Grikkir myndu styðja aðildarumsóknir Makedóna, breyttu þeir nafni ríkisins.

Ráðherrann sagði eftir að fyrir lá að kjörsókn var of litil að hann myndi boða til nýrra þingkosninga ef stjórnarandstaðan „virtu ekki vilja fólksins“. – þea



Á kjörstað í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tala látinna hækkar á meðan björgunarstarf reynist erfitt

Mögulega gæti tala látinna í Indónesíu eftir jarðskjálfta föstudagsins hlaupið á þúsundum að sögn Jusuf Kalla, varaforseta ríkisins. Slitnir vegir og skortur á simasambandi torveldar björgunarstarf. Unnið að því að grafa fólk upp úr rústum með handafli. Að minnsta kosti 300 verða grafin í fjöldagröf í borginni Palu.

INDÓNESÍA Erfðilega gekk í gær að komast að fórnarlömbum 7,5 stiga jarðskjálftans sem skók indónesísku eyjuna Sulawesi á föstudaginn. Fólk í stórum byggðum á ströndum eyjunnar fór verst út úr jarðskjálftanum, einna helst í borginni Palu.

Í gær var greint frá því að tala látinna stæði í 832 og sagði ABC að hamfaravarnastofnun ríkisins óttaðist mjög að talan ætti eftir að hækka. Jusuf Kalla, varaforseti Indónesíu, sagði að þegar allt kæmi til alls gætu þúsundir hafa farist í hamförunum. Rauði krossinn sagði að allt að 1,6 milljónir hefðu orðið fyrir tjóni, slasast eða farist og útlit væri fyrir að ástandið versnaði enn.

Sutopo Purwo Nugroho, upplýsingafulltrúi hamfaravarnastofnunarinnar, sagði frá því á blaðamannafundi í gær að fregnir hefðu borist af því að fjöldi fólks væri fastur undir rústum bygginga sem hrundu í jarðskjálftanum. Þá talaði hann einnig um að flóðbylgjan sem fylgdi í kjölfar skjálftans hefði verið allt að sex metrar á hæð. „Talið er að tala látinna muni hækka þar sem fjöldi þeirra látnu sem hafa fundist lá undir rústum. Til marga höfum við enn ekki náð,“ sagði Nugroho.

Í borginni Palu vann björgunarfolk að því að grafa fólk upp úr rústum með höndunum í gær. „Það sem við þurfum nauðsynlega á að halda núna eru vinnuvélar til þess að grafa upp rústirnar. Starfsfólk mitt er á svæðinu en það er ómögulegt að reida sig bara á líkamlegan styrk þess,“ sagði Muhammad Syaugi, framkvæmdastjóri björgunarsveita-



Björgunarfolk að störfum í borginni Palu í gær. Skortur á tækjum torveldar starfið til muna. NORDICPHOTOS/AFP

Talið er að tala látinna muni hækka.

Sutopo Purwo Nugroho, upplýsingafulltrúi hamfaravarnastofnunar

stofnunarinnar, í viðtali við franska miðilinn AFP.

Í umfjöllun ABC kom fram að það sem einna helst torvelaði björgunarstarf væri að vegir hefðu slitnað í sundur í hamförunum og simasamband lægi niðri víða. Það geri það að verkum að erfitt sé, jafnvel ómögulegt, að koma verkærum og birgðum til þeirra sem þurfa.

Næstum allir hinna látnu sem höfðu fundist í gær voru í borginni

Palu. Hins vegar á björgunarfolk enn mikið verk fyrir höndum í Donggala, Sigi og Parigi Moutong en þar búa 1,2 milljónir samkvæmt ABC.

Fjöldagröf var tekin í Palu í gær og sögðu yfirvöld frá því að þar yrðu að minnsta kosti 300 lík grafin. Samkvæmt hamfaravarnastofnuninni yrði gröfin þó hugsanlega stækkuð ef þörf væri á. Minningarathöfn um fórnarlömbin fer fram eins fljótt og auðið væri. thorgnyr@frettabladid.is

NÝ REEBOK STÖÐ Í LAMBHAGA

NÁMSKEIÐ HEFJAST 1. OKTÓBER

SJÁ NÁNAR Á REEBOKFITNESS.IS

Reebok
FITNESS
ENGIN BINDING



8 STÖÐVAR • 3 SUNDLAUGAR • REEBOKFITNESS.IS

Bátur mánaðarins

Skinkubátur

499 kr.

Snýr
tímabundið
aftur



SUBWAY

6 tommu bátur mánaðarins kostar 499 kr, 12 tommu bátur mánaðarins kostar 998kr. Bátur mánaðarins er tilboð sem gildir ekki með öðrum afsláttum eða tilboðsmiðum. Ekki er hægt að bæta auka kjötáleggi, osti eða grænmetisbuffi án þess að auka gjald bætist við. Sé aukaáleggi bætt við sem breytir uppskrift bátarins í dýrari bát af matseðli, gildir verðið á dýrari bátum.

Að fá að kveðja



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Svo að segja hver einstaklingur verður einhvern tíma á lífsleiðinni vitni að því að einhver honum nákominn veiktist svo alvarlega að öllum er ljóst að ekkert biður hans nema dauðinn. Sjálfur sér sjúklingurinn ekki lengur tilgang með lífi sínu, enda hefur það ekki lengur upp á neitt annað að bjóða en kvöl. Hann vill ekki lifa í því ástandi sem hann er í og er reiðubúinn að kveðja þetta líf. Til þess þarf hann aðstoð. Þá aðstoð ætti að veita honum en ekki synja honum um hana.

Dánaraðstoð og líknardauði eru viðkvæm mál hér á landi, en um þau þarf þó að ræða. Því er gott til þess að vita að nokkrir þingmenn hafa lagt fram þingsályktunartillögu um dánaraðstoð, en þetta er í þriðja sinn sem slík tillaga er lögð fram á Alþingi. Þingmennirnir, sem leggja fram þessa þingsályktunartillögu, eru varkárir því þeir segja hana ekki fela í sér afstöðu til þess hvort breyta eigi lögum hérlandis. Tilgangur þeirra með henni er að treysta grundvöll umræðu um viðkvæmt mál, sem er gott. Það má þó líka spyrja af hverju þeir gangi ekki einfaldlega alla leið og taki afstöðu með því að lögum sé breytt á þann veg að dánaraðstoð sé heimiluð.

Vissulega er það viðurkennt í samtíma okkar að einstaklingur eigi að ráða yfir líkama sínum. Það er hins vegar verulega hæpið, jafnvel alrangt, að halda því fram að einstaklingur ræði yfir líkama sínum þegar hann er sviptur þeim rétti þegar veikindi herja á og þjáningin tekur völdin. Þá er einstaklingnum ætlað að tóra þar til líkaminn gefur sig algjörlega. Einstaklingur sem umfram allt vill lifa og deyja með reisu hlýtur að hafa rétt á því að segja: Nú finnst mér nóg komið. Eg vil kveðja þetta líf.

Hér á landi er starfandi félagið Lífsvirðing en eitt af markmiðum þess er að til verði löggjöf um dánaraðstoð. Þar er sérstaklega tekið fram að dánaraðstoð með skýrum skilyrðum teljist til mannréttinda. Það er ástæða til að taka rösklega undir þau orð.

Fyrir nokkrum árum lét Siðmennt gera skoðana-könnun þar sem þátttakendur voru meðal annars spurðir hvort þeir væru hlynntir eða andvígir því að einstaklingur gæti fengið aðstoð við að binda enda á líf sitt ef hann væri haldinn ólæknandi sjúkdómi. Niðurstaðan var sú að 75 prósent aðspurðu voru mjög eða frekar hlynnt því. Samkvæmt þessu virðist sem fólk eigi afar auðvelt með að setja sig í spor einstaklings sem er dauðvona og þjáist og finnst að þar eigi dánaraðstoð að vera möguleiki.

Vonandi fer að liða að því að menn treysti sér til að breyta löggjöf þannig að þar verði dánaraðstoð heimiluð. Þannig er sjálfsgörð réttur einstaklings yfir líkama sínum tryggður. Málefnið er vissulega viðkvæmt og margir eru líklegir til að setja sig upp á móti því og tina til alls kyns rök. Því verður þó ekki á móti mælt að ómannúðlegt er að horfa upp á dauðvona einstakling þjást, manneskju sem þráir ekkert heitar en að fá að kveðja lífið með reisu.

Halldór



Frá degi til dags

Listamenn leigja

Ný stjórn Samtaka leigjenda var kjörin á aðalfundi samtakanna á laugardaginn. Það veur athygli að tæpur helmingur stjórnarinnar eru listamenn. Þannig var Margrét Kristín Blöndal, eða Magga Stína, tónlistarkona kjörin formaður, Bragi Páll Sigurðarson ljóðskáld var kjörinn ritari og Haraldur Ingi Haraldsson myndlistarmaður fékk sæti meðstjórnanda. Greinilegt er af yfirlýsingu samtakanna frá því á laugardag að þau hyggja á sókn. Hinn nýi formaður sagði ekki hægt að láta ástandið á leigumarkaði viðgangast. Leigjendur ætluðu sér að rísa upp og berjast fyrir réttindum sínum.

Nei

Jómfrúarræða Sigríðar Mariu Egilsdóttur, varþingmanns Viðreisnar, um að íslenskir stjórnmálamenn óxluðu ekki ábyrgð vegna mistaka sinna vakti mikla athygli fyrir helgi. Sigríður María mætti svo í Silfröi í gærmorgun þar sem Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sat á móti henni. Er þáttarstjórnandi spurði Brynjar hvort hann heldi að þetta væri vandamál var svar Brynjars einfalt. „Nei.“

Sagði Brynjar að velta mætti því fyrir sér hvað menn ættu að ganga langt í að axla ábyrgð. Í útlöndum gengju menn stundum allt of langt en það þýddi ekki að fólk ætti ekki að bera ábyrgð. thorgnir@frettabladid.is

Fyrir börnin í borginni



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins

Biðlistavandi leikskólabarna er flestum kunnur. Borgin rekur fjölda leikskóla en annar þó ekki eftirspurn eftir leikskólarymum. Það er mikilvægt að borgin geti boðið trausta og áreiðanlega daggæslu eða leikskólavist strax í kjölfar fæðingarlofs. Það er fjölskyldufólki mikilvæg grunnþjónusta.

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla en geta þó útvistað rekstrinum. Í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi leikskólar 18 talsins og þá sækja tæp 1.200 börn. Ef þessara leikskóla nyti ekki við mætti hugsa sér iskyggilega stöðu á biðlistum borgarinnar. Sjálfstæðir leikskólar hafa svarað eftirspurn sem borgaryfirvöld gátu ekki mætt.

Í dag þiggja sjálfstæðir leikskólar skert rekstrarframlög frá borgarsjóði. Þannig er sjálfstætt starfandi leikskólum gert að innheimta hærra gjöld frá foreldrum, að öðrum kosti standa þeir ekki fjárhagslega jafnfætis borgarreknum leikskólum. Fyrirkomulagið skapar aðstöðumun milli barna, enda ekki öllum kleift að greiða með börnum sínum aukin gjöld.

Það er eðlilegur réttur barna að borgin leggi sömu upphæð opinbers fjár til uppeldis og menntunar þeirra – að tryggð séu jöfn opinber framlög með hverju barni inn í leikskóla borgarinnar. Með jöfnum framlögum mætti tryggja öllum börnum jöfn tækifæri og jafnan aðgang að öllum valkostum, því gjaldskrár sjálfstæðra leikskóla myndu lækka og efnahagur foreldra yrði ekki lengur ákvarðandi forsenda við leikskólavalið.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill skapa borg þar sem þú getur látið góða hugmynd verða að veruleika. Borg sem ryður vegginn fyrir þá sem vilja sækja fram. Við viljum skapa fjölskylduvæna borg sem jafnframt fagnar framtakssemi og hugmyndaauði. Í Reykjavík hefur einkaframtakið svarað eftirspurn sem borgaryfirvöld gátu ekki mætt. Framtakinu bera að fagna og það ber að stöðja. Sjálfstæðir leikskólar eru mikilvæg viðbót við skólafloru borgarinnar. Þeir bjóða foreldrum fleiri valkosti um áherslur í uppeldi og menntun barna sinna. Við viljum tryggja öllum fjölskyldum þessa valkosti, óháð efnahag. Það er mikilvægt réttlætismál fyrir börnin í borginni.



Þar er sérstaklega tekið fram að dánaraðstoð með skýrum skilyrðum teljist til mannréttinda.

RAFGEYMAR

Alltaf öruggt start fyrir kuldann í vetur.

TUDOR High Tech rafgeymar. í allar gerðir faratækja.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið.

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Á að djamma?

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Á að djamma um helgina?“ er spurning sem maður hefur ótal sinnum spurt og ótal sinnum svarað á lífsleiðinni. Hennar gætir reyndar í minna mæli eftir því sem aldurinn færist yfir, einhverra hluta vegna, en á ákveðnu skeiði lífsins var hún fastur liður í vikulokinn. Glæðhlakka- legur kunningi spurði mann að þessu fullur eftirvæntingar. Maður greindi gáskafullur frá áformum sínum um djamm einhvers staðar og aðrir greindu frá sínum. Svo var djammað.

Nú þegar næsta helgi nálgast óðfluga hefur þessi spurning óðlast dýpri og þrúgnari samfélagslega merkingu. Hvernig á maður að haga sér á 10 ára afmæli efnahagshrunsins á Íslandi? Það er á laugardaginn. Á að djamma?

Spurningin er fyrst og fremst orðin aðkallandi vegna tíðinda sem bárust í síðustu viku, um að forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráð- herra hefðu ákveðið að fresta árshátíð stjórnarráðsins, sem átti að fara fram á laugardaginn. Það þótti semsagt ekki tilhlýðilegt að á þessum degi, þegar Geir það guð að blessa Ísland, væri starfsfólk stjórnarráðsins að djamma.

Ræðið

Þetta þarf að ræða, finnst mér. Hvað er hrúnið? Hvað gerðist? Hvað hefur gerst síðan þá? Hvað ætlum við að gera með þetta, sem þjóð? Er 6. október sorgar- dagur? Á maður að vera í svörtu? Dó eitthvað sem við syrgjum nú? Syrgjum við samfélagið, stemminguna, skuldum drifna góð- ærið og gullpastað? Það er engin ástæða til að gera litíð úr viðburð- unum. Þeir voru án fordæma. Stærðin var gigantísk. Fólk missti vinnu. Fólk

missti fé. Allt bankakerfið hrundi. Fólk hrundi. En til að setja hlutina í sam- hengi, þá finnst mér þessum viðburðum einna best lýst með hinum ódauðlegu orðum sem skrifuð voru á mótmæla- spjald sem rataði á fræga fréttaljosmynd: Helvítis fokking fokk. Það er það sem gerðist. Það fór allt í kúk.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að reyna að líta slíkan skítastorm réttum augum. Þjóðarmorð eiga sér stað í ver- öldinni. Skelfilegar náttúruhamfarir líka, hér á landi og annars staðar. Fólk deyr. Stríðsátök þurrka út heilu borgirnar. Hungur herjar á heilu samfélögin. Börn deyja.

Íslendingar, hins vegar, misstu peningana sína. Sem þeir áttu aldrei.

Óttinn við reiðina

Mig langar ekkert í þá veröld aftur. Hún rann sitt skeið á enda. Ég held meira að segja, að innst inni séu ráðherrarnir því sammála. Það er fارانlegt að halda því fram að hrundadagurinn 6. október sé dagur þjóðarharmleiks. Slíkt væri beinlínis smekklaust gagnvart þeim sem hafa upplifað raunverulega skelfingar- viðburði mannkynssögunnar. Ég held að mun frekar hafi djammabannið verið sett út af ótta. Það ríkir á Íslandi ákveðin hræðsla við mjög reitt fólk. Ég held að það sé óhætt að gera ráð fyrir því að ef árshátíð stjórnarráðsins færi fram á laugardaginn, og myndir birtust af glóðu fólki á þeim vettvangi að djamma, myndi sumt fólk springa af bræði. Ákveðnar líkur eru á að alda hneykslunar færi um samfélagið. Ég held að ráðherrarnir hafi ekki nennt henni. Sérstaklega ekki í kjölfarið á klúðrinu á þingvöllum. Og kaupum á skammlausri



vinargreiðaskýrslu Hannesar um að hrúnið sé útlendingum að kenna.

Mögnuð vinna

Ég held reyndar að það væri hægt að skrifa ágæta skýrslu um að hrúnið sé frekar Hannesi að kenna, en hvað um það. Ég hef vissan skilning á þessu. Hver nennir að djamma ef fólk er rosalega reitt út í mann? Maður nennir ekki leiðindum. Það er margt annað hægt að gera um helgina. Fullt af nýjum þáttum á Netflix. En þetta situr samt í mér. Af hverju ekki að djamma? Hversu mörg ár í viðbót á reiðin að ráða? Á hún sífellt að trompa gleðina?

Eitthvað það magnaðasta sem ég varð vitni að í eftirleik hrunsins, þegar ég sat á þingi, var hin þrotlausa og ósérhlífna vinna starfsfólks stjórnarráðsins, dag og nótt, við að endurreisa Ísland. Verkefnið

voru gríðarleg. Það þurfti sterk bein og taugar. Ísland var í raun gjaldþrota. Það þurfti að endurreisa efnahaginn, fyrirtækin, heimilin, orðsporið. Alls konar fólk, í alls konar stöðum, lagði allt í söurnar. Vinna þess rataði sjaldnast í fréttirnar, en það sem það gerði, það tókst. Það tókst að endurreisa efnahag þjóðarinnar. Til eru útreikningar sem sýna að þjóðarþúið beðið á endanum engan fjárhagslegan skaða af hrúninu.

Það er ótrúlega magnað. Klikkað. Ekki það að nokkur hafi spurt mig, en ég sjálfur ætla ekki að djamma á laugar- daginn. Í ljósi sögunnar, atburðanna og i krafti löngunar til þess að gleðin sigri reiðina skora ég hins vegar á starfs- fólk stjórnarráðsins að sletta ærlega úr klaufunum, þótt það verði ekki árshátíð. Ef einhverjir eiga inni sturlað djamm um helgina, þá eru það þjó.



Syrgjum við samfélagið, stemminguna, skuldum drifna góð- ærið og gullpastað?

Hágæða stigahúsateppi

Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu. Komdu og sjáðu úrvalið. Þjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki
INTERIORS



ÚRVAL ÚTSÝN

NÝR BÆKLINGUR

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT FERÐAFRAMBOÐ

**HEILL HEIMUR
ÆVINTÝRA**

Í HLÍÐASMÁRA 19 OG Á UU.IS

★ KOMDU MEÐ Í ÆVINTÝRI ★



ICELANDAIR

MAROKKÓ 13.-20. OKTÓBER
Á KONUNGASLÓÐUM
VERÐ FRÁ **179.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. MIKIÐ INNIFALIB.



ICELANDAIR

KÚBA 10. NÓVEMBER — 8 DAGAR
FALLEG OG KYNNIGMÖGNUG
VERÐ FRÁ **348.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna. MIKIÐ INNIFALIB.

SEINASTI SENS

GRÍTA GUÐJÓNSDÓTTIR
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

THAILAND 24. FEBRÚAR — 7. MARS
NÁTTÚRUPERLAN KRABI
VERÐ FRÁ **279.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

KRISTJÁN STENSSON
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

ÁSTRALÍA 31. JANÚAR — 17. FEBRÚAR
SYDNEY & CANBERRA
VERÐ FRÁ **929.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



ICELANDAIR

VALENCIA 10.-14. OKTÓBER
VINSÆL OG VINALEG
VERÐ FRÁ **78.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 5 daga.

JÓN SIGURDUR EYVÁLDFSSON
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

ELTON JOHN 5.-8. MARS
MADISON SQUARE GARDEN
VERÐ FRÁ **174.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



ICELANDAIR

FRAKKLAND 6.-10. DESEMBER
STRASSBOURG ADVENTUFERÐ
VERÐ FRÁ **148.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

* JÚL 2018

INGEBJÖRG LÁRUSDÓTTIR
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

CORAL PRINCESS 13. FEBRÚAR — 4. MARS
PANAMASKURÐURINN
VERÐ FRÁ **729.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

SELING

SIR HJALMAR JÓNSSON
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

DIAMOND PRINCESS 29. JANÚAR — 16. FEBRÚAR
SINGAPORE TIL TOKYO
VERÐ FRÁ **659.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

SELING

INGA SÓLVEIG
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

ÚRVALSFÓLK 23. APR — 7. MAÍ, 23. APR. — 14. MAÍ, 30. APR. — 14. MAÍ
Á TENERIFE MEÐ JENNY
VERÐ FRÁ **229.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 15 daga.

JENNY ÓLAFSDÓTTIR
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

SPÁNN 12. 14. OG 19. OKTÓBER
HACIENDA DEL ALAMO
VERÐ FRÁ **189.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

GOLF



ICELANDAIR

ARABÍSKU FURSTADJEMIN 19. FEBRÚAR — 3. MARS
DUBAI OG ABU DHABI
VERÐ FRÁ **499.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.


GOLF



ICELANDAIR

PSV, HOLLANDI 13.-20. APRÍL
KNAFTSPYRNUSKÓLI ÚÚ & ASKLUKA
VERÐ FRÁ **239.900 KR.**
Verð á mann í þrjú.

SIGRÍÐUR SARA
FARAÐSTJÓRI



ICELANDAIR

LIVERPOOL LEIKIR VETUR 2018
FULHAM 9. NÓV. VERÐ FRÁ **137.900 KR.**
MAN UTD 14. DES. VERÐ FRÁ **168.900 KR.**
BURNLEY 8. MAR. VERÐ FRÁ **159.900 KR.**
Flug, farangur, 3 nætur á 3 stjörnu hóteli og miði á leikinn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

ENGVI BOLLINN

SÉRTILBOÐ
FYRIR HÓPA TIL
MARRAKESH
ÞRJÁR BROTTFARIR Í OKTÓBER
SENDIÐ PÓST Á **HOPAR@UU.IS**

Kóngurinn Ólafur Jóh



Valur varð Íslandsmeistari annað árið í röð eftir 4-1 sigur á botnliði Keflavíkur í lokaumferð Pepsi-deildar karla í fyrradag.

FÓTBOLTI Það var glatt á hjalla á Hlíðarenda eftir að Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson flautaði leik Vals og Keflavíkur í lokaumferð Pepsi-deildar karla á laugardaginn af. Valsmenn unnu 4-1 og urðu þar með Íslandsmeistarar annað árið í röð, og í 22. sinn alls. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn síðan 1967 sem Valur ver Íslandsmeistaratitillinn.

Síðan Ólafur Jóhannesson tók við Val haustið 2014 hefur liðið unnið stóran titil á hverju tímabili. Valsmenn urðu bikarmeistarar 2015 og 2016 og Íslandsmeistarar í fyrria.

Valsmenn endurtóku leikinn í ár. Þeir fóru rólega af stað, voru aðeins með sex stig eftir fyrstu fimm umferðirnar en svo komu sex sigurleikir í röð sem komu þeim í bilstjórastæði. Þrátt fyrir tap fyrir FH í næstsíðustu umferðinni var Valur í þeirri stöðu að þurfa aðeins að vinna botnlið Keflavíkur til að verða Íslandsmeistarar. Og það gekk eftir.



Hákurlarnir á Hlíðarenda: Sigurbjörn Hreiðarsson, E. Bórkur Edvardsson og Ólafur Jóhannesson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þetta var fimmti Íslandsmeistaratitillinn sem Ólafur vinnur á sínum langa og merkilega þjálfaraferli. Eftir fimm ára útleð frá efstu deild sneri Ólafur aftur til FH fyrir tímabilið 2003. Hann stýrði FH í fimm ár. Á þeim tíma urðu FH-ingar þrisvar sinnum Íslandsmeistarar, einu sinni bikarmeistarar, lentu tvisvar í 2. sæti í deild og einu sinni í bikar.

Ólafur sneri aftur í efstu deild þegar hann tók við Val og tók upp þráðinn frá tíma sínum hjá FH. Á síðustu níu tímabilum Ólafs í efstu

deild hefur hann fimm sinnum orðið Íslandsmeistari og þrisvar sinnum bikarmeistari.

Með Íslandsmeistaratitlinum í ár jafnaði Ólafur lærisvein sinn, Heimi Guðjónsson, í fjölda titla. Óli B. Jónsson er sá eini sem hefur unnið fleiri titla (6) en Ólafur frá deildaskiptingu 1955. Miðað við uppganginn á Hlíðarenda og eldmóðinn sem Ólafur býr yfir er margt ólíklegt en að hann verði kominn á toppinn yfir sigursælustu þjálfara Íslands innan tíðar. ingvithor@frettabladid.is

Síðustu níu tímabil Ólafs í efstu deild

FH

2003: 2. sæti í deild og bikar
2004: Íslandsmeistari
2005: Íslandsmeistari
2006: Íslandsmeistari
2007: 2. sæti í deild og bikarmeistari

Valur

2015: 5. sæti í deild og bikarmeistari
2016: 5. sæti í deild og bikarmeistari
2017: Íslandsmeistari
2018: Íslandsmeistari

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Myndir frá leik Vals og Keflavíkur og fögnuði Valsmanna má finna á +PLÚS síðu Fréttablaðsins.

Fréttablaðið +PLÚS er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.



OPINN FUNDUR ÞRÍÐJUDAGINN 2. OKTÓBER
KL. 12:45-14:00, STOFU N-132 Í ÖSKJU, HÁSKÓLA ÍSLANDS

Parísarsamningurinn 2 árum seinna

Hverju hefur verið áorðað og hvað þarf að gera?

Á fundinum verður farið yfir stöðu mála í dag hvað varðar markmið Parísarsamkomulagsins, sem náðist í desember 2015, og aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum. Fjallað verður um þann árangur sem hefur náðst auk þess sem gert verður grein fyrir brýnustu verkefnum framundan, bæði frá sjónarhóli Íslands og Evrópusambandsins.

Frummælendur:

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra Michael Mann, yfirmaður sendinefndar ESB á Íslandi

Fundarstjóri: Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundað fróða um sjálfbærna þróun

Fundurinn fer fram á ensku og er opinill öllum



Sendinefnd ESB á Íslandi



ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN
UMhverfis- og auðlindamála



HÁSKÓLA ÍSLANDS
UMhverfis- og auðlindafraeði

Nánari upplýsingar: www.caps.hi.is / www.esb.is / www.hi.is

Kvaddi með þrennu

FÓTBOLTI Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði þrennu í síðasta leik sínum á ferlinum, þegar ÍBV vann Grindavík, 2-5, í lokaumferð Pepsi-deildar karla á laugardaginn. Það var víðeigandi að Gunnar Heiðar skyldi enda ferilinn á því að skora á Grindavíkurvelli en þar skoraði hann einmitt sitt fyrsta mark í efstu deild árið 2001.

Gunnar Heiðar sneri aftur til ÍBV um mitt

s u m a r

2015 eftir

mörg ár í

atvinnu-

mennsku.

Hann skor-

aði tíu mörk

í 17 deildar-

leikjum í fyrria

og sigurmarkið

í bikarúrslita-

leiknum gegn

FH. Með því

trýgðí hann

Eyjarmönnum fyrsta

stóra titil sinn síðan

1998.

Gunnar Heiðar skor-

aði svo níu mörk í 18

deildarleikjum í sumar.

Hann skoraði alls 61

mark í 127 leikjum í efstu

deild á Íslandi. Gunnar

Heiðar varð markakóngur

efstu deildar 2004.

Ári seinna varð hann

markakóngur sænsku

úrvalsdeildarinnar en þá lék

hann með Halmstad. Gunn-

ar Heiðar varð einnig næst-

markahæstur í sænsku deild-

inni 2012 þegar hann lék með

Norrköping.

Gunnar Heiðar lék einnig

með Hannover 96 í Þýskalandi,

Válerenga og Fredrikstad í Noregi.

Esbjerg í Danmörku, Konyaspor

í Tyrklandi og Hæcken í Svíþjóð.

Hann lék 24 landsleiki á árunum

2005-13 og skoraði fimm mörk.

Með sigrinum á laugardaginn

komust Eyjamenn upp í 6. sæti

Pepsi-deildarinnar. Það er besti

61

mark skoraði Gunnar Heiðar Þorvaldsson í 127 leikjum í efstu deild á Íslandi.



árangur þeirra síðan 2013 þegar þeir lentu einnig í 6. sæti.

Leikurinn í Grindavík var ekki einungis kveðjuleikur Gunnars Heiðars heldur stýrði Kristján Guðmundsson ÍBV í síðasta sinn í leiknum. Hann var tvö ár við stjórnmölinn hjá liðinu og gerði góða hluti, vann stóran titil og kom Eyjamönnum í Evrópukeppni.

Eftirmaður hans verður Pedro Hipólito sem hætti hjá Fram í haust. Portúgalinn stýrði Fram í hálf títli annað ár. Bæði tímabilin endaði Fram í 9. sæti Inkasso-deildarinnar. -íps

Nýjast

Pepsi-deild karla



Valur - Keflavík

4-1

1-0 Einar Karl Ingvarsson (8), 2-0 Haukur Páll Sigurðsson (14), 3-0 Aron Kári Aðalsteinsson, sjálfsmark (19), 4-0 Dion Accoff (57), 4-1 Helgi Þór Þórsson (88).

Stjarnan - FH

0-1

0-1 Brandur Olsen (5).

Breiðablik - KA

4-0

1-0 Thomas Mikkelsen, viti (5), 2-0 Willum Þór Willumsson (28), 3-0 Willum Þór (35), 4-0 Mikkelsen (67).

Víkingur R. - KR

2-3

1-0 Rick Ten Voorde, viti (21), 1-1 Óskar Örn Hauksson (24), 1-2 Atli Sigurjónsson (52), 1-3 Halldór Smári Sigurðsson, sjálfsmark (61), 2-3 Geoffrey Castillion (70).

Grindavík - ÍBV

2-5

1-0 Aron Jóhannsson (4), 1-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (6), 1-2 Gunnar Heiðar (10), 2-2 Jose Sito Enrique (50), 2-3 Jonathan Franks (60), 2-4 Kaj Leo í Bartalsstovu (83), 2-5 Gunnar Heiðar (88).

Fylkir - Fjölnir

7-0

1-0 Daði Ólafsson (27), 2-0 Albert Brynjar Ingason (38), 3-0 Hákon Ingi Jónsson (41), 4-0 Albert (66), 5-0 Jonathan Glenn (74), 6-0 Glenn (82), 7-0 Albert (83).

Raukt spjald: Guðmundur Karl Guðmundsson, Fjölni (52).

Efri		Neðri	
Valur	46	KA	28
Breiðablik	44	Fylkir	26
Stjarnan	40	Víkingur R.	25
KR	37	Grindavík	25
FH	37	Fjölnir	19
ÍBV	29	Keflavík	4



Keflavík vann Meistarakeppni

kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Meistarakeppni KKÍ kvenna

Haukar - Keflavík

77-83

Haukar: LeLe Hardy 23/9 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 15, Þóra Kristín Jónsdóttir 13, Magdalena Gísladóttir 11, Rósa Björk Pétursdóttir 7, Eva Kristjánsdóttir 4, Briet Lilja Sigurðardóttir 3, Akvillé Baronénaité 1.

Keflavík: Brittanny Dinkins 26, Bryndis Guðmundsdóttir 18, Birna Benónýsdóttir 15, Salbjörg Sævarsdóttir 7/12 fráköst, Erna Hákonardóttir 6, Telma Lind Ásgeirsdóttir 5, Embla Kristinardóttir 3, Katla Rún Garðarsdóttir 3.



Tindastóll vann Meistarakeppni

karla. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Meistarakeppni KKÍ karla

KR - Tindastóll

72-103

KR: Julian Boyd 28, Sigurður Á. Þorvaldsson 10, Björn Kristjánsson 7, Dino Stipic 5, Vilhjálmur Kári Jónsson 5, Emil Barja 5, Jón Arnór Stefánsson 4, Ólafur Þorri Sigurjónsson 3, Orri Hilmarrsson 3, Þórir Lárusson 2.

Tindastóll: Úrald King 27, Pétur Rúnar Birgisson 19, Brynjar Þór Björnsson 17, Danero Thomas 12, Dino Butorac 11, Viðar Ágústsson 5, Ragnar Ágústsson 3, Helgi Freyr Margeirsson 3, Finnþóð Bjarnason 2, Hannes Ingi Másson 2, Helgi Rafn Viggósson 2.

OKTÓBER VEISLA

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI



PS4 PRO
1TB Fortnite pakki með 500V-Bucks
64.990



PS4 SLIM
500GB Fortnite pakki með 500V-Bucks
46.990



FIFA19
7.990
1.stk á mann



NES MINI HD
Með 30 vinsælum leikjum
12.990



SNES MINI HD
Með 20 flottum leikjum
12.990



MEGADRIVE HD
Með 85 leikjum, Sonic ofl.
14.990



C64 MINI HD
Með 64 leikjum, Monty Mole
16.990



ATARI GOLD HD
Með 120 leikjum, Pitfall ofl.
19.990



TÖLVUTEK



1. Október 2018 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabreyngi

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

ÚRVALIÐ ER Í TÖLVUTEK ER EITT MESTA ÚRVAL

NÝ KYNSLÓÐ
2018 HAUST LÍNAN FRÁ ACER

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N4000
2.6GHz Burst Dual Core
4GB minni
DDR4 2400MHz
128GB SSD
M.2 diskur

SNERTISKJÁR

5 LITIR

14" FHD IPS
Ultra-Narrow skjárammi
Intel N5000
2.7GHz Pentium Quad Core
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

13" FHD IPS
1920x1080 snertiskjár
Intel i7 8550U
4.0GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400 MHz
512GB SSD
M.2 diskur

STYLUS PENNI

17+
tímar

acer

SWIFT 1 2018 Ný kynslóð Ultra-thin lúxus fartölva með bakýstu lykklaborði og 17 tíma rafhlöðu 79.990 Byttingarkennd 2018 útgáfa í lúxus gulli	SWIFT 1 2018 Nýja lúxus línan með enn öflugri 4 kjarna örgjörva, físlétt og örþunn úr gegnheilu áli 119.990 Nýja öflugri lúxus línan kemur í 5 glitir litum	SPIN 5 2018 Fjölhæf lúxusfartölva með IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360° og Stylus penna 179.990 Fjölhæf og öflug Acer 360° lúxusfartölva ;)
---	---	---

W10 Pro
Windows 10 Pro 64-bit
Intel i5 7400T
3.0GHz Turbo Quad Core
8GB minni
DDR4 2400MHz
256GB SSD
M.2 diskur

Lenovo

20" HD+ LED
1600x900 Comfyview skjár
Intel J3060
2.48GHz Burst Dual Core örgjörvi
8GB minni
DDR3 1600 MHz
1TB diskur
og DVD skrifari

acer

Hasselblad myndavél
1" CMOS myndafloaga
Hyperlapse upptaka
10-bit litaprófill

dji

LENOVO M710q TINY Glæsileg öflug smátölva, lykklaborð og mús fylgir 99.990	ACER AIO AC20-720 Stórglæsileg 20" skjáttölva frábær sem heimilistölva 79.990	DJI MAVIC 2 PRO Nýjasti DJI dróninn nú með Hasselblad 4K myndavél 199.990
--	---	---

Lenovo IDEAPAD V110 Físlétt með öflugum AC þráðlausu neti 39.990 80TF0032MX	Lenovo LENOVO IT TAB Frábær 10" spjaldtölva frá Lenovo 19.990 ZA1U0083SE	NOKIA NOKIA 1 SNJALLSÍMI Með tvær HDR myndavélar á frábæru verði 19.990 NOKIA 1	VATNSHÉLT 9.990 GPS KRAKKAÚR GPS snjallur með 1,22" LED skjá 6.990 WOXLER	Trust HUNTER BAKPOKI Rúmgóður 17" fartölvubakpoki 9.990 HUNTER
---	--	---	---	--



MÁNUDAGUR 1. OKTÓBER 2018

Lífsstíll



Guðrún Sörtveit er glæsileg. Hún uppsker aðdáun fyrir að vera ófeimin að sýna að hún hefur íturvaxnar mjaðmir og læri. MYNDIR/ANTONÍA LÁRUSDÓTTIR

ENZYMEDICA®

Meltu betur!



Konur eru ekki í einni stærð

Guðrún Helga Sörtveit fann sjálfstraust sitt aukast eftir að hún blómstraði á samfélagsmiðlum. Hún er meðvituð um að ungar stúlkur fylgi henni og vill vera góð fyrirmynd. Að vera góð manneskja gerir hana hamingjusama. ➡2

Bóris Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég er ekkert sérstaklega norsk í mér en ég er afar stolt af norsku ættarnafninu," segir Guðrún Helga Sörtveit. Föðurafi hennar er Norðmaður.

„Afi kynntist íslenski föður-ömmu minni þegar hún var sautján ára og hún varð fljótt barnshafandi. Síðan skildi leiðir; afi fór til Noregs og bæði eignuðust aðra maka og börn. Þabbi vissi því ekki hver faðir hans var fyrr en um tvítugt að hann leitaði hans og fann að áegggjan mómmu. Þá kom afi til Íslands að hitta son sinn og þau amma hittust aftur og urðu ástfangin á ný," segir Guðrún um rómantíska ástarsögu ömmu sinnar og afa sem þá voru skilin við sína fyrri maka og eru nú hjón í Noregi.

Cardiff - Burnley 1-2

0-1 Jóhann Berg Guðmundsson (51.), 1-1 Josh Murphy (60.), 1-2 Sam Vokes (70.).

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Man. City	7	6	1	0	21-3	19
Liverpool	7	6	1	0	15-3	19
Chelsea	7	5	2	0	15-5	17
Tottenham	7	5	0	2	14-7	15
Arsenal	7	5	0	2	14-9	15
Watford	7	4	1	2	11-8	13
Leicester	7	4	0	3	13-10	12
Wolves	7	3	3	1	8-6	12
B'mouth	6	3	1	2	10-11	10
Man. Utd.	7	3	1	3	10-12	10
Everton	7	2	3	2	11-11	9
Burnley	7	2	1	4	9-11	7
C. Palace	6	2	1	3	4-6	7
West Ham	7	2	1	4	8-12	7
Brighton	7	1	2	4	8-13	5
S'oton	7	1	2	4	6-11	5
Fulham	7	1	2	4	8-16	5
Newcastle	7	0	2	5	4-10	2
Cardiff	7	0	2	5	4-16	2
Huddersf.	7	0	2	5	3-16	2

» Frá byrjun síðasta tímabils hefur Jóhann Berg komið með beinum hætti að 13 mörkum í ensku úrvalsdeildinni, fleiri en nokkur annar leikmaður Burnley.

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Everton
Gylfi Þór Sigurðsson
Skoraði tvö mörk í 3-0 sigri Everton á Fulham. Skaut í slá úr viti. Kominn með þrjú mörk í ensku úrvalsdeildinni.



Burnley
Jóhann Berg Guðm.
Var allt í öllu hjá Burnley sem vann Cardiff, 1-2. Skoraði fyrra mark Burnley og lagði það síðara upp.



Cardiff City
Aron Einar Gunnarsson
Er enn frá vegna meiðsla og lék ekki með Cardiff í 1-2 tapi fyrir Burnley á heimavelli.



Reading
Jón Daði Böðvarsson
Gerði fyrra mark Reading í 2-1 jafntefli við Brentford. Kominn með sex mörk í vetur.



Aston Villa
Birkir Bjarnason
Skoraði mark Aston Villa í 1-1 jafntefli við Bristol City á föstudaginn.



José Mourinho, knattspyrnustjóri Manchester United, var ekki upplittsjarfur á laugardaginn þegar hans menn töpuðu fyrir West Ham á Lundúnaaleikvanginum. Staða F

Hryggðarmynd í sýningu í Leikh

Pressan á José Mourinho jókst enn frekar eftir 3-1 tap Manchester United fyrir West Ham í 7. umferð ensku úrvals galski stjórninn hefur verið í fylu frá því í sumar og ekki fundið leiðir til að snúa gengi United við. Mourinho þykir

Stóru málín

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin
Daniel Sturridge tryggði Liverpool stig gegn Chelsea þegar hann jafnaði í 1-1 með frábæru skoti, mínútu fyrir leikslok. Þetta voru fyrstu stigin sem Liverpool tapar í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu. Rauði herinn er í 2. sæti með jafn mörg stig og topplið Manchester City en lakari markatölu.



Hvað kom á óvart?
Gott gengi nýliða Wolves heldur áfram en þeir unnu 2-0 sigur á Southampton á Molineux. Úlfarnir eru ósigraðir í síðustu fimm leikjum sínum og eru í 8. sæti deildarinnar með tólf stig. Þeir hafa aðeins fengið á sig eitt mark í síðustu fjórum leikjum.



Mestu vonbrigðin
Manchester United tapaði í þriðja sinn í fyrstu sjö deildarleikjum tímabilsins þegar liðið laut í lægra haldi fyrir West Ham á útivelli, 3-1. Frammi-staða United var slök og varnar-leikurinn hriplekur eins og hann hefur verið í mörgum leikjum á tímabilinu.



Leikmaður helgarinnar

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði tvívegis í 3-0 sigri Everton á Fulham á laugardaginn. Íslenski landsliðsmaðurinn kom mikið við sögu í leiknum. Hann skaut í slá úr viti í upphafi seinni hálfleiks en bætti upp fyrir það þegar hann kom Everton yfir á 56. mínútu.

Þetta var átjándi markaði sem Gylfi skorar með skoti fyrir utan teig síðan hann byrjaði að spila í ensku úrvalsdeildinni. Philippe Coutinho, fyrrverandi leikmaður Liverpool, er sá eini sem hefur skorað fleiri mörk en Gylfi fyrir utan teig á þeim tíma (19).

Cenk Tosun kom Everton í 2-0 á 66. mínútu og Gylfi skoraði svo sitt annað mark mínútu fyrir leikslok. Þetta var 49. mark Gylfa í ensku úrvalsdeildinni. Næsta mark verður því hans fimmtugasta í þessari sterku deild. – íps



kvarta og kveina um leið og undirbúningstímabilið hófst og hélt því áfram þangað til hann var rekin rétt fyrir jöl. Þá hafði Chelsea tapað níu af fyrstu 16 leikjum sínum og sat í 16. sæti ensku úrvalsdeildarinnar, einu stigi fyrir ofan fallstæti.

Þá, líkt og nú, eyddi Mourinho miklu púðri í að deila við óvini sína, ímyndaða eða ekki. Fyrir þremur árum byrjaði hann tímabilið á að trompast eftir að lækirnir Eva Carneiro hljóp inn á í upphafsleik ensku úrvalsdeildarinnar til að hlúa að Eden Hazard, leikmanni sem Mourinho lenti einnig upp á

kant við síðasta tímabilið sitt hjá Chelsea.

Núna stendur Mourinho í barnalegri valdabaráttu við Paul Pogba, farsa sem þeir koma báðir illa út úr. Franski miðjumaðurinn gagnrýndi leikstil Mourinhos eftir leikinn gegn Wolves. Portúgalinn svaraði fyrir sig með því að leysa hann undan störfum varafyrirlíða. Á æfingarsvæðinu daginn eftir leikinn gegn Derby áttu Pogba og Mourinho svo í einhverjum orðahnippingum.

Pogba gaf Barcelona undir fótinn í upphafi tímabils en miðað við frammistöðu hans í leiknum gegn



Portúgalans veikist með hverri vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Úsi draumanna

deildarinnar á laugardaginn. United er í 10. sæti. Portúvera orðinn valtur í sessi eftir slæma byrjun á tímabilinu.

» West Ham vann Manchester United með tveggja marka mun í deildarleik í fyrsta sinn síðan í október 1982. Þá unnu Hamrarnir einnig 3-1.

●● Fyrsta markið var rangstaða, annað markið var sjálfsmark og það þriðja kom eftir dóm-aramistök.

José Mourinho



West Ham, og mörgum öðrum leikjum á tímabilinu, munu Börsungar ekki snerta á honum, nema með tögum. Pogba hefur engan veginn fylgt eftir góðri frammistöðu á HM. Aþyrgðin á slæmu gengi United í upphafi tímabils liggur ekki bara hjá Pogba og Mourinho heldur einnig hjá hæstarðendum félagsins. Ed Woodward virðist vera frábær viðskiptamaður en fótboldavitið reiðir hann ekki í þverpokum.

Hann hefur þegar látið tvo knattspyrnustjóra, David Moyes og Louis van Gaal, fara síðan hann tók við stjórnartumum hjá United fyrir fimm árum. Hann stendur nú frammi fyrir þeirri stóru spurningu hvað hann eigi að gera við Mourinho, mann sem hann réð til að koma United aftur á toppinn. Þótt Woodward hafi staðið þétt við bakið á Mourinho, allavega út á við, gróf hann undan honum þegar hann neitaði að kaupa þá miðverði sem voru efstir á óskalista Portúgalans.

Mourinho getur þó ekki kvartað yfir því að hafa ekki fengið fjármuni til að spila úr síðan hann tók við United. Samt er árangurinn ekki merkilegur og liðinu hefur farið aftur. Þótt United hafi lent í 2. sæti á síðasta tímabili, sem er besti árangur liðsins síðan Ferguson hætti, var bilið á milli þeirra og toppliðs Manchester City 19 stig.

Mourinho hefur aðeins einu sinni verið lengur en þrjú tímabil hjá liði og þá var hann rekinn þegar fjórða tímabilið var nokkurra vikna gamalt. Það kæmi miðað á óvart að hann yrði við stjórnlöðina hjá United þegar næsta tímabil hefst, og jafnvel þegar árið 2019 gengur í garð. Mögulegir eftirmenn eru hins vegar ekki margir, nema Zinedine Zidane, sem ku samkvæmt fjölmiðlum ytra vera byrjaður að læra ensku, og það er mögulega það eina sem heldur Mourinho í starfi. Uppskeyran og spilamennskan það sem af er tímabili gerir það allavega ekki mikil lengur. ingvithor@frettabladid.is



Thomas Bjørn, fyrirlíði Evrópu, lyftir Ryderbikarnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Öruggur sigur Evrópumanna

GOLF Evrópa vann Ryder-bikarinn 2018 eftir 17,5-10,5 sigur á Bandaríkjunum á Le Golf National vellinum í Paris. Þetta er í fjórða sinn í síðustu fimm keppnum sem Evrópa vinnur Ryder-bikarinn.

Evrópa var með vænlega forystu fyrir lokadaginn. Bandaríkin byrjuðu hann hins vegar vel og minnkuðu forystuna niður í eitt stig, 10,5-9,5. En nær komst bandaríska liðið ekki.

Jon Rahm og Thorbjörn Olesen unnu sína leiki og Ítalinn Francesco Molinari tryggði Evrópu sigurinn þegar hann sigraði Phil Mickelson á 16. holu, 4/2. Hann varð þar með fyrsti Evrópubúinn í sögu Ryder-bikarsins til að vinna alla fimm leikina í einni keppni. Molinari lék einkar vel í Ryder-bikarnum í ár og samvinna hans og nýliðans Tommys Fleetwood var frábær. – íps



Alfred fagnar fyrsta marki sínu gegn Freiburg. NORDICPHOTOS/GETTY

Þriðja þrennan fyrir Augsburg

FÓTBOLTI Alfred Finnbogason skoraði þrennu þegar Augsburg bar sigurorð af Freiburg, 4-1, á heimavelli í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Þetta var fyrsti leikur Alfreds á tímabilinu en hann hefur verið frá vegna meiðsla.

Þetta er þriðja þrennan sem Alfred skorar fyrir Augsburg. Hann skoraði einnig þrennu gegn Freiburg og Köln á síðasta tímabili.

Alfred hefur alls skorað 25 deildarmörk fyrir Augsburg og er orðinn markahæsti leikmaður liðsins í þýsku úrvalsdeildinni frá upphafi. Tobias Werner átti metið (23 mörk).

Caiuby kom Augsburg yfir á 19. mínútu í leiknum í gær. Fimmtán mínútum síðar bætti Alfred öðru marki við með laglegri hælsprynu.

Freiburg minnkaði muninn í upphafi seinni hálfleiks þegar Jonathan Schmid skoraði sjálfsmark. Á 68. mínútu jók Alfred muninn aftur í tvö mörk með marki úr vítasprynu.

Þegar sjö mínútur voru til leiksloka skoraði Alfred svo þriðja mark sitt og fjórða mark Augsburg með skoti af stuttu færi eftir fyrirgjöf frá Andre Hahn. – íps

Tabula gratulatoria

Jón Baldvin Hannibalsson áttæður

Þann 21. febrúar 2019 verður hinn aldni leiðtogi íslenskra jafnaðarmanna, Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi fjármála- og utanríkisráðherra, áttæður. Af því tilefni verður gefin út bók eftir Jón Baldvin þar sem hann mun einkum fjalla um frumkvæði Íslands að stuðningi við sjálfstæðisbaráttu Eyrastaltsþjóða, samningana við ESB um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Norræna módelið sem raunhæfan valkost við auðræði nýfrjálsþyggjunnar.

Velunnurum Jóns Baldvins gefst nú kostur á að skrá nafn sitt á heilla-óskaskrá í tilefni þessara tímamóta og að fá bókina á forlagsverði, eða á kr. 6.000 með sendingarkostnaði. Hægt er að panta verkið hjá útgefandanum á netfanginu skrudda@skrudda.is eða í síma 552 8866. Bókin verður send í byrjun febrúar 2019.

Til að panta bókina og fá nafn sitt jafnframt á heillaóskaskrána þarf að senda inn nafn, kennitölu og heimilisfang. Sé óskað eftir að greiða verkið með greiðslukorti þarf að senda kortanúmer og gildistíma, annars verður stofnuð krafa í heimabanka. Nánari upplýsingar fást hjá forlaginu.

SKRUDDA

Hamarshöfða 1

110 Reykjavík

skrudda@skrudda.is

Kannelsnúðadagurinn

Taktu þátt í kannelsnúðadeginum 4. október.

Látum sköpunargleðina flæða, skreytum

kannelsnúðana og gerum daginn

enn skemmtilegri!





HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Valsmennirnir Sigurður Egill Lárusson og Eiður Aron Sigurbjörnsson lyfta Íslandsmeistarabikarnum hátt á loft eftir sigurinn á Keflvíkingum í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Valur vængjum þöndum

Valsmenn urðu Íslandsmeistarar annað árið í röð eftir 4-1 sigur á Keflvíkingum í lokaumferð Pepsi-deildar karla á Hlíðarenda á laugardaginn.



Valur hefur 22 sinnum orðið Íslandsmeistari. Aðeins KR hefur unnið fleiri Íslandsmeistaratitla (26).



Valsmenn höfðu mikla yfirburði gegn Keflvíkingum og unnu öruggan sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Það var gaman hjá stuðningsmönnum Vals á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Valsmenn fagna eftir að Íslandsmeistaratitillinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

- 1786** Séra Oddur Gíslason, prestur á Miklabæ í Skagafirði, hvarf. Talið var að draugurinn Miklabæjar-Sólveig hefði verið þar að verki.
- 1800** Spánverjar afhenda Frökkum Louisiana-landsvæðið. Þeir seldu Bandaríkjunum svæðið um þrjátíu mánuðum síðar.
- 1814** Vínarþingið, sem ætlað var að draga landamæri Evrópuríkja upp á nýtt eftir ósigur Napóleons Bonaparte, formlega sett.
- 1874** Kvennaskólinn í Reykjavík tekur til starfa.
- 1891** Kennsla hefst í hinum bandaríska Stanford-háskóla.
- 1918** Arabískar hersveitir, undir forystu T. E. Lawrence, ná sýrlensku borginni Damaskus á sitt vald.
- 1931** George Washington-brúin, sem tengir New York og New Jersey, opnuð fyrir umferð.
- 1933** Ásta Magnúsdóttir tekur fyrst kvenna við opinberu embætti hér á landi er hún er skipuð ríkisfóðari.
- 1936** Francisco Franco tekur við völdum á Spáni.
- 1946** Eftirlifandi stjórnendur úr röðum nasista hljóta dóma eftir réttarhöld í Nürnberg.
- 1949** Mao Zedong lýsir yfir stofnun Kinverska alþýðulýðveldisins.
- 1952** Hljóðritun á ræðum á Alþingi hefst.
- 1958** Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, stofnuð.
- 1960** Nígíería fær sjálfstæði frá Bretum.
- 1969** Concorde nær að rjúfa hljóðmúrinn fyrsta sinni.
- 1975** Muhammad Ali hefur betur gegn Joe Frazier í bardaga í Manilla á Filippseyjum.
- 1977** Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið (SÁÁ) stofnuð.
- 1978** Túvalú fær sjálfstæði frá Bretum.
- 1979** Lögræðisalður lækkaður niður í átján ár úr tuttugu árum.
- 1979** Mesta sólarhringsúrkoma sem mælst hefur hér á landi, 243 millimetrar, fellur á Kvískerjum í Örfærum.
- 1982** Helmut Kohl tekur við af Helmut Schmidt sem kanslari Þýskalands eftir að sá síðarnefndi tapaði vantraustskosningu.
- 1987** Ríkissjónvarpið hefur sjónvarpsútsendingar á fimmtudögum en fram að því höfðu þeir verið sjónvarpslausir dagar.
- 1989** Samkynhneigðir Danir geta skráð sig í staðfesta samvist í fyrsta sinn.
- 2003** Eyirinn lagður niður en síðan þá hefur ein króna verið minnsta gjaldmiðilseining landsins.
- 2012** 38 farast og 102 særast þegar tvær ferjur rekast á fyrir utan Hong Kong.
- 2014** Sprenging verður í búlgarskri byssupúðursverksmiðju. 15 týna lífi.
- 2015** 280 farast í skriðuföllum í Gvatemala sem voru afleiðing gifurlegs vatnsveðurs.
- 2017** Katalónar kjósa um hvort héraðið eigi að lýsa yfir sjálfstæði frá Spáni.
- 2017** 58 myrtir og 851 særast í skotárás á hóteli í Las Vegas.



Danski tónlistarmaðurinn Kim Larsen lék oftast en einu sinni á tónleikum hér á Ísland, meðal annars árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Kim Larsen snerti dönsku þjóðina beint í hjartað

Danir syrgja nú tónlistarmanninn og alþýðuhetjuna Kim Larsen sem lést í gær. Banamein hans var krabbamein í blöðruhálskirtli. Fáum hefur tekist að tappa sig jafnlangt inn í dönsku þjóðarsálina og Kim Larsen segir einn helsti aðdáandi hans hér á landi.

Danski tónlistarmaðurinn Kim Larsen andaðist í gær 72 ára að aldri. Kim hafði glimt við krabbamein í blöðruhálskirtli og sjúkdómurinn hafði að lokum betur. Einn helsti aðdáandi kappans á Íslandi segir að hálfgerð þjóðarsorg sé nú í Danmörku.

„Ég var sjö ára þegar ég heyrði fyrst af Kim Larsen. Þá var ég búsettur í Danmörku og hann átti að koma fram í spjallþætti. Það voru allir að tala um þáttinn og gera ráðstafanir hvar þeir ætluðu að horfa á hann. Það var nánast eins og það væri stórvíðburður á borð við lok seinna stríðs eða tungllendingin að eiga sér stað,“ segir Kjartan Guðmundsson, fjölmiðlamaður og poppræðingur.

Vinur Kjartans brá á það ráð að taka upp frammistöðu Larsens þetta kvöld í þættinum og varð hinn verst þegar einhver opnaði sælgætispoka meðan tónlistarmaðurinn flutti lög sín. Það kom nefnilega niður á hljómgæðum kasettunnar.

„Eftir því sem maður elstir gerði maður sér betur grein fyrir því að Kim tókst að tappa inn í dönsku þjóðarsálina með hætti sem engum hefur tekist. Þó hann hafi orðið stjarna náði hann alltaf að halda sterkri tengingu við litla manninn og náði að vera gæinn á götunni. Það er erfitt að finna einhvern sem var illa við hann,“ segir Kjartan.

Sem dæmi um slíkt nefnir Kjartan að hann hafi alla tíð verið á móti konungsveldinu og því þrjáli sem því fylgir. Afþakkaði hann meðal annars riddarakross þeirra Dana af þeirri ástæðu. Þá tapaði hann sér þegar Danir stefndu að því að banna reykingar á opinberum stöðum og varði miklum tíma og orku í að berjast gegn því með kjafti og klóm. Sat hann meðal annars fundi með ráðherrum og stjórnmálamönnum vegna þessa. Það má fylgja sögunni að reykingabannið danska er talsvert smærri á sniðum en víða annars staðar.



Kjartan Guðmundsson er meðal þeirra sem syrgja Kim Larsen sárt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYVÖR

Ég held að fólk hafi ekki verið buið undir þetta enda eru viðbrögðin úti eftir því.

Kjartan Guðmundsson, fjölmiðlamaður og poppræðingur

Aðspurður um eftirminnilegustu minningu sína sem tengist Kim segir Kjartan að það að sjá hann á sviði sé ofarlaga en það gerði hann alls fimm sinnum, þrisvar í Danmörku og tvisvar á Íslandi. Ein minning standi þó upp úr.

„Um aldamótin var ég búsettur í Kaupmannahöfn og ætlaði að fara með vini mínum, sem var í heimsókn, út á lifið. Þegar við komum á staðinn sem við ætluðum á var buið að skella í lás. Ég bankaði upp á til að kanna hvort dyravörðurinn sæi aumur á okkur,“ segir Kjartan.

Dyравörðurinn gerði gott betur en það en hann tók á móti þeim líkt og kóng-

fólk væri á ferðinni. Þegar hann leit til baka sá hann að Kim og kona hans stóðu fyrir aftan þá en þau voru mætt til að sjá son sinn spila á staðnum.

„Dyравörðurinn hélt að við værum í slagföllum með honum,“ segir Kjartan og hlær. „Við spjölluðum örstutta stund og svo kváðumst við með því að ég gaf honum eld.“

Tónlistarmaðurinn tilkynnti í desember að hann væri veikur en fæstir vissu af því að svo stutt væri í endalokin. Hann spilaði á tónleikum í sumar en þurfti að fresta nokkrum af heilsufarsástæðum. Þá vann hann að nýrri plötu skömmu fyrir andlát og áttu því flestir von á því að hann væri að ná heilsu.

„Ég held að fólk hafi ekki verið buið undir þetta enda eru viðbrögðin úti eftir því. Í minningarorðum Berlingske Tidende var Kim Larsen lýst sem Danmörku. Það er nokkuð nálægt sannleikanum,“ segir Kjartan. joli@frettabladid.is



Ástæri maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi og afi, **Árnir Guðmundsson** Lyngprýði 2, Garðabæ, lést á krabbameinsdeild LSH að kvöldi fimmtudagsins 20. september umkringdur ástvinum sínum. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 3. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir færum við öllu því frábæra starfsfólki sem annaðist hann af alúð.

Sigríður Huld Konráðsdóttir
Guðmundur Örn Arnason
Erla María Arnadóttir
Íris Björk Arnadóttir
Unnur Svanborg Arnadóttir
Sigríður Huld Arnadóttir
Árni Konráð Arnason
Elisabet Mary Arnaldsdóttir
Róbert Karl Hlööversson
Kristján Jón Jónatansson
Sveinbjörn Claessen
Birgitta Björt Garðarsdóttir
og barnabörn.

Við rúmun fyrir vetrarvörum

Útsala

1. til 6.
október

Allar vörur á 15-60% afslætti

YUASA
Neyslurafgeymar



25%
afsláttur

CARPOINT
Þurrkublið



60%
afsláttur

KS TOOLS
Verkfæri



20-40%
afsláttur

THULE
Barnavagnar



20-30%
afsláttur

THULE
Ferðavagnavörur



20-30%
afsláttur

**Wonder
Wheels**

Bón- og
hreinsivörur



30%
afsláttur

Gates
Reimar í snjósleða



30%
afsláttur

CAR-REP
Efnavörur



30%
afsláttur

CTEK
Hleðslutæki



20-50%
afsláttur


Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Stíft suðaustanátt og rigning eða slydda. Dregur úr vindi og úrkomu norðan- og norðvestanlands síðdegis. Vestan hvassviðri eða jafnvel stormur á Suðurlandi og við Faxaflóa í kvöld, annars mun hægari vindur og á Norðurlandi stýttir upp. Hiti 1 til 8 stig.



Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5° → 8	2° ↙ 9	2° ← 4
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
4° ↓ 5	4° ↘ 7	-1° ↗ 4

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4° ← 6	2° ↙ 9	1° ← 2
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
2° ← 5	4° ↙ 9	-1° ↓ 3

LÉTT

1				5			6
		5	9	6			
8		3			2		5
3	7	1		5			
4			2		9		6
		6	3	8			
			4	2	6	7	8
	3		7			5	1
							2

MIDLUNGS

				4	6	9	3
6	8			5			4
			1			5	
7	2		6			4	
5	6	8	9			1	
				1	2		8
4					5		1
8		7				6	
			4	9			7

ÞUNG

	7				1		8
5	8				9		1
		2	3				
4	5						
		3		9	7	2	
	3	6		2			9
	9		4		3		
		8					

Krossgáta

LÁRÉTT

1. baktería
5. óhreinka
6. í röð
8. spauga
10. tveir eins
11. gæfa
12. hviða
13. þjálfun
15. planta
17. blístur

LÓDRÉTT

1. mótrök
2. lofttegund
3. fljótfærni
4. frárénnslí
7. glettast
9. jurt
12. galdrar
14. útdældi
16. tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10					
			12		
13	14				
15					16
	17				

LAUSN: LÁRÉTT: 1. gerla, 5. atla, 6. fíg, 8. gæpa, 10. m. gæpa, 9. planta, 12. múk, 14. gæfi, 16. m. gæpa, 17. blístur. LÓDRÉTT: 1. mótrök, 2. lofttegund, 3. fljótfærni, 4. frárénnslí, 7. glettast, 9. jurt, 12. galdrar, 14. útdældi, 16. tveir eins.

Skák Gunnar Björnsson

Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir (1.724) átti leik gegn Milena Stagno (1.388) frá Möltu á Ólympíuskákmótnu. 11. Bxf7+! (11. Rg5 er líka gott.) 11. ... Kxf7 12. Rg5+ Kf8 13. Re6+ Kg8 14. Rxd8 og hvítur vann örugglega. Fylgst er vel með Ólympíuskákmótnu á skak.is og meðal annars er daglegt hlaðvarp þegar sem Gunnar og Ingvar fara yfir allt það helsta. www.skak.is: Allt um Ólympíuskákmótið.

Hvítur á leik



7	4	5	9	8	1	6	3	2
6	2	1	7	3	5	4	9	8
3	8	9	2	4	6	1	5	7
9	3	8	4	1	7	2	6	5
1	6	2	5	9	8	7	4	3
4	5	7	3	6	2	8	1	9
8	7	3	6	5	4	9	2	1
2	9	6	1	7	3	5	8	4
5	1	4	8	2	9	3	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



M18 FUEL ONE-KEY M18 FTS210

Alvöru borðsög frá Milwaukee

M18 FUEL™ skilar aflinu til þess að saga án þess að það dragi niður í henni við venjulegar aðstæður. Stærð blaðs 210mm með 63mm skurðargetu í 90°.

POWERTATE™ mótör. REDLINK PLUS™ yfirálagsvörn. REDLITHIUM-ION™ High Output™ ONE-KEY™ elti- og öryggiskerfi.

Verð 179.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

vfs.is

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

[Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook](https://www.facebook.com/frettabladid)

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

1. OKTÓBER 2018

Viðburðir

Hvað? Gengið um arkitektúr við Arnarbakka í 109 Reykjavík
Hvenær? 17.30
Hvar? Breiðholtsskóli
Kynnumst nærumhverfi okkar á nýjan hátt og sjáum hið manngerða umhverfi í nýju ljósi. Í tilefni af Alþjóðlegum degi arkitektúrs í dag, mánudaginn 1. október, munu Halldór Eiríksson arkitekt og Ágústa Kristófersdóttir, sagnfræðingur og forstöðumaður Hafnarborgar, ganga um Arnarbakkan í Breiðholti í Reykjavík. Gangan er öllum opin, ungum sem öldnum. Gangan hefst kl. 17.30 við aðalningang Breiðholtsskóla.

Hvað? Kótlugosið – Sögunnar minnst
Hvenær? 10.00
Hvar? Bókasafn Seltjarnarness
Bókasafn Seltjarnarness gerir sér far um að minnast atburða ársins 1918 í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslands með sýningu og framsetningu á bókum, lesefni og myndefni. Nú er það Kótlugosið.

Hvað? Gengið um arkitektúr við Freyjugötu-Bjargarstíg-Skálholtsstíg
Hvenær? 17.30
Hvar? Freyjugata
Kynnumst nærumhverfi okkar á nýjan hátt og sjáum hið manngerða umhverfi í nýju ljósi. Í tilefni af Alþjóðlegum degi arkitektúrs í dag, mánudaginn 1. október, mun Bjarki Gunnar Halldórsson arkitekt ganga um Freyjugötu, Bjargarstíg og Skálholtsstíg í 101 Reykjavík. Gangan hefst kl. 17.30 á horni Freyjugötu og Barónsstígs og verður gengið í átt að tjörninni. Gangan er öllum opin, ungum sem öldnum.

Hvað? Timagöng til 1918
Hvenær? 16.00
Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu
Timagöng til 1918 er sýndarveru-



Þess er minnst í ár að hundrað ár eru liðin frá því að síðast gaus í Kötlu undir Myrdalsjökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leikasýning þar sem gestum gefst kostur á því að skyggjast inn í íslenskan veruleika ársins 1918 með aðstoð 360° sýndarveruleikagleraugna. Sýninguna vann Árni Gunnarsson, kvikmyndagerðarmaður hjá Skotta Film. Gestir horfa á myndbönd með sýndarveruleikagleraugum og fræðast á lifandi hátt um samgöngur, verslun og viðskipti árið 1918. Árni verður á staðnum kl. 16.00-18.00 og 19.00-21.00 og aðstoðar fólk með gleraugun. Verkefnið var styrkt af afmælisnefnd aldarafmælis fullveldis Íslands og af Uppbyggingarsjóði.

Hvað? Gengið um arkitektúr við Silfurtún í Garðabæ
Hvenær? 17.30
Hvar? Silfurtún
Kynnumst nærumhverfi okkar á nýjan hátt og sjáum hið manngerða umhverfi í nýju ljósi. Í tilefni af Alþjóðlegum degi arkitektúrs í dag, mánudaginn 1. október, mun Baldur Ö. Svavarsson arkitekt ganga um Silfurtúnið í 210 Garðabæ, en þangað má rekja upphaf skipulagðrar byggðar í Garðabæ. Gangan er öllum opin, ungum sem

öldnum. Gangan hefst kl. 17.30 og lýkur kl. 18.30. Nánari upplýsingar um hvar gangan hefst verða veittar síðar.

Sýningar

Hvað? Tryggvi Ólafsson – grafíkverk á Mokka
Hvenær? 08.00

Hvar? Mokka-Kaffi, Skólavörðustíg Tryggvi Ólafsson sýnir grafíkverk á Mokka til 3. október. Þetta er fimmta einkasýning Tryggva á Mokka á einum 40 árum. Verkin sem hann sýnir nú eru offset litógrafiur og öll unnin hér á landi á síðustu fjórum til fimm árum. Sýningin er sölusýning og þeir sem hafa áhuga á að eignast verk geta fengið upplýsingar hjá starfsfólki Mokka eða haft samband með tölvupósti, mokkaart@gmail.com.

Hvað? Ný verk
Hvenær? 12.00
Hvar? Listasalur Mosfellsbæjar
Listamennirnir Guðni Gunnarsson og Ingirafn Steinarsdóttir sýna í Mosfellsbæ. Til sýnis verða ný verk en undanfarin misseri hafa

þaðir listamennirnir unnið tví-vitt, annars vegar samklipp og hins vegar teikningar. Í verkum Guðna getur að líta margbreytilegar surrealistar figúrur samsettar úr fundnu myndefni, timaritum og dagblöðum. Verk Ingirafns eru samhverfar teikningar úr trélitum, álíkar sprengingum sem minna samtímis á fljótandi síkadelísk form og svifandi geimstöðvar.

Hvað? Innrás III: Matthias Rúnar Sigurðsson

Hvenær? 10.00
Hvar? Ásmundarsafn
Matthias Rúnar Sigurðsson vinnur meðal annars höggmyndir í stein. Klassísk handverksnotkun hans kallast skemmtilega á við verk Ásmundar og er fróðlegt að sjá ungan og upprennandi myndhöggvara sýna verk sín í samhengi Ásmundarsafns. Árið 2018 eru fyrirhugaðar fjórar innrásir inn í sýninguna List fyrir fólk, þar sem völdum verkum Ásmundar Sveinssonar er skipt út fyrir verk starfandi listamanna.

Hvað? Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólk



Ágústa Kristófersdóttir sagnfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvenær? 10.00

Hvar? Ásmundarsafn
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkarði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni, þar á meðal verk höggvín úr tré, steinsteypu og bronsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktara verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land.

Hvað? Ýmissa kvikinda líki

Hvenær? 10.00

Hvar? Listasafn Íslands
Á sýningunni má sjá hvernig listamennirnir hafa beitt margbreytilegri skapandi færni og ýmiss konar tækni. Sýningarstjórnarinn Ingibjörg Jóhannsdóttir og Pári Stave hafa valið verk á sýninguna eftir listamenn sem vinna jafnhliða í grafík og aðra miðla. Meðal sýnenda eru rithöfundar og tónskáld en einnig myndlistarmenn sem eru síður þekktir fyrir grafíkverk sín, frekar fyrir málverk, þrívíð verk, innsetningar, gjörninga, ljósmyndaverk eða videolist.

**ENDURNÝJUN
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

696 5600

rafsol@rafsol.is

RAFSÓL

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Fjór hjóladrifna fjölskyldan.



Touareg Offroad.

3.0 TDI V6.
Verð 9.290.000 kr.



Tiguan Offroad.

Fjór hjóladrifinn og sjálfstjórn.
Verð 5.790.000 kr.
Tilboðsverð 4.990.000 kr.



T-Roc.

Fjór hjóladrifinn
og sjálfstjórn.
Verð 4.590.00 kr.



Tiguan Allspace.

7 manna og rúmgóður.
Verð 7.635.000 kr.
Tilboðsverð 6.990.000 kr.



Við látum framtíðina rætast.



Volkswagen

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Strákarnir
07.50 The Mindy Project
08.10 The Middle
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Grand Designs - Living
10.25 Mayday
11.10 Gulli byggir
11.35 Öpplyst lögreglumál
12.05 Sendiráð Íslands
12.35 Nágrannar
13.00 The X Factor UK
14.30 The X Factor UK
16.00 Six Puppies and Us
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Fréttafírlit og veður
19.25 Nýja Ísland Ný heimildar- mynd í tveimur hlutum úr smíðu Lóu Pind Aldisardóttur. Það eru tíu ár síðan Ísland rambaði á barmi gjaldþrots. Tíu ár síðan við höfðum ringluð á Geir Haarde biðja Guð að blessa Ísland. Vissum ekki hvað við áttum, skulduðum, hvort við hefðum vinnu á morgun. Lóa Pind skoðar hvernig Ísland hefur komið undan hruni. Höfum við lært af hruninu eða stefnum við hraðbyri í annað hrún?
20.35 Manifest
21.20 Magnum P.I. Skemmtilegir framhaldspættir þar sem grín og hasar eru í fyrirrúmi enda byggðir á samnefndum spæjarapáttum sem slógu rækilega í gegn á niunda áratugnum. Thomas Magnum er fyrrum sersveitarmaður í bandaríska sjóhernum en hefur sérhæft sig í öryggisgæslu og vinnur nú sem einkaspæjari á Hawaii.
22.05 The Deuce
23.05 Arthur Miller: Writer
00.50 Castle Rock
01.40 Better Call Saul
02.30 The Art Of More
03.15 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
04.00 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
04.45 Peaky Blinders
05.40 Bones

STÖÐ 2 SPORT

07.15 Messan
08.15 Huesca - Girona
09.55 Villarreal - Real Valladolid
11.35 Sassuolo - AC Milan
13.15 Levante - Alaves
14.55 Real Betis - Leganes
16.35 Formúla 1: Rússland - Kappakstur
18.55 Celta - Getafe
21.00 Chelsea - Liverpool
22.40 Messan
23.40 Football League Show

STÖÐ 2 SPORT 2

06.30 New England Patriots - Miami Dolphins
08.50 LA Chargers - San Francisco 49ers
11.10 Cardiff City - Burnley
12.50 Pepsimörkin - lokapáttur
14.30 Haukar - Keflavík
16.10 KR - Tindastóll
17.50 Football League Show
18.20 Spænsku mörkin
18.50 Bournemouth - Crystal Palace
21.00 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
21.55 West Ham - Manchester United
23.35 Celta - Getafe

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádio
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Lítt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



NÝJA ÍSLAND – HELVÍTIS FOKKING FOKK

KL. 19:25

Það eru 10 ár síðan Ísland rambaði á barmi gjaldþrots. Höfum við lært að hemja okkur eða stefnum við lóðbeint í annað hrún? Vönduð og stórgóð heimildamynd eftir Lóu Pind, sýnd í tveimur hlutum. Seinni hlutinn, Túrístinn blessaði Ísland verður sýndur annað kvöld í opinni dagskrá.



Mánudagur í opinni dagskrá

Fáðu þér áskrift á stod2.is



MANIFEST

KL. 20:30

Flug 828 frá Montego flugfélaginu í Bandaríkjunum lendir eftir óvenju mikla ókyrrð í lofti. Á meðan farþegarnir upplífu aðeins nokkurra klukkutíma ókyrrð töldu aðstandendur þeirra þá af þar sem það fannst hvorki tangur né tetur af flugvélinni í fimn ár.



MAGNUM P.I.

KL. 21:15

Skemmtilegir framhaldspættir þar sem grín og hasar eru í fyrirrúmi enda byggðir á samnefndum spæjarapáttum sem slógu rækilega í gegn á niunda áratugnum.

THE DEUCE

KL. 22:00

Djarfir og töff þættir um uppgang klámiðnaðarins í New York á áttunda áratugnum. Skemmtileg og krassandi sería úr smíðu HBO.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

stod2.is

STÖÐ 3

19.10 Great News
19.35 Southside with You
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.55 Who Do You Think You Are?
21.55 Famous in Love
22.40 Divorce
23.10 Stelpurnar
23.35 The Originals
01.05 Seinfeld
01.30 Friends
01.55 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Ævintýraferðin
07.37 Hvellur keppnisbill
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og litli
08.13 Tindur
08.23 K3
08.34 Mæja býfluga
08.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Rasmus Klumpur og félagar
10.55 Lalli
11.00 Strumparnir
11.25 Ævintýraferðin
11.37 Hvellur keppnisbill
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og litli
12.13 Tindur
12.23 K3
12.34 Mæja býfluga
12.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Rasmus Klumpur og félagar
14.55 Lalli
15.00 Strumparnir
15.25 Ævintýraferðin
15.37 Hvellur keppnisbill
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og litli
16.13 Tindur
16.23 K3
16.34 Mæja býfluga
16.46 Skoppa og Skritla enn út um hvippinn og hvappinn
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Rasmus Klumpur og félagar
18.55 Lalli
19.00 Ratchet og Clank



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Ryder Cup
15.00 PGA Special: This is MacKenzie Tour
15.25 Golfing World
16.15 Tour Championship
18.15 Ryder Cup

STÖÐ 2 BÍÓ

11.40 Temple Grandin
13.30 Southside with You
14.55 Beyond the Lights
16.50 Temple Grandin
18.40 Southside with You Stórgóð mynd frá 2016 sem byggð er á sönnun atburðum og gerist um sumarið 1989 þegar verðandi Bandaríkjaforseti, Barack Obama, gerði hosur sínar grænar fyrir framtíðareigin konu sinni Michelle Robinson í Chicago.
20.05 Beyond the Lights
22.00 Maggie Spennutryllir frá 2015 með Arnold Schwarzenegger og Abigail Breslin. Ung kona smítast af sjúkdómi sem breytir sjúklingnum smám saman í upp-vakning. Þaðir hennar vill gera allt til að bjarga henni en til hvaða ráða getur hann gripið?
23.35 You Don't Know Jack
01.45 We'll Never Have Paris
03.20 Maggie

RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
13.55 Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
14.15 Úr Gullkistu RÚV: Örkin
14.45 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands
15.10 Úr Gullkistu RÚV: Út og suður
15.35 Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram
16.15 Ljósmyndari ársins
16.45 Silfríð
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Heimssýn barna
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Saga Danmerkur - Siðaskipti og endurreisn
21.00 Bestir
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hljóðupptaka í tímans rás
23.10 Hrúnið
00.00 Ditte & Louise
00.30 Kastljós
00.45 Menningin
00.55 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Siminn + Spotify
12.15 Everybody Loves Raymond
12.35 King of Queens
12.55 How I Met Your Mother
13.20 Dr. Phil
14.05 90210
14.50 9JKL
15.15 Black-ish
15.40 Rise
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Superstore
20.10 Top Chef
21.00 MacGyver
21.50 The Crossing
22.35 The Affair
23.35 The Tonight Show
01.05 CSI
01.50 Instinct
02.35 The Good Fight
03.25 Star
04.10 I'm Dying Up Here
05.00 Siminn + Spotify

Í OPINNI DAGSKRÁ

KVEIKTU Á GLEÐINNI MEÐ OKKUR Í VETUR

Mánudagurinn

1. okt



Fyrri hluti

Seinni hluti

Þriðjudagurinn

2. okt



Miðvikudagurinn

3. okt



Kveiktu á **Stöð 2 Maraðon**
.....
aðeins **1.990 kr./mán.**



Kveiktu á **Stöð 2**
.....
aðeins **6.990 kr./mán.**



Kveiktu á **Skemmtipakkanum**
.....
aðeins **9.990 kr./mán.**

LA-Z-BOY® *Live life Comfortably.*

LA-Z-BOY HELGARTILBOÐ Í HÖLLINNI



LEVI

La-z-boy hægindastóll. Dökk- eða ljósgrátt áklæði og svart leður.

Stærð: B: 85 x D: 92 x H: 106 cm

Áklæði

95.992 kr.

Leður

135.992 kr.

~~119.990 kr.~~

~~169.990 kr.~~

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
LA-Z-BOY STÓLUM



JAY

La-z-boy hægindastóll. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Stærð: B: 97 x D: 94 x H: 107 cm

87.992 kr.

~~109.990 kr.~~



DREAMTIME

Rafdrifinn La-z-boy hægindastóll. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Stærð: B: 96 x D: 103 x H: 109 cm

223.992 kr.

~~279.990 kr.~~



JAMES

La-z-boy lyftistóll. Steingrátt áklæði. og svart leður.

St.: H: 105 x B: 103 x H: 109 cm

Áklæði

207.992 kr.

~~269.990 kr.~~

Leður

239.992 kr.

~~299.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Prins Jóló hatar ekki jólin og heldur þau heilög með góðum gestum á jólagiggi 15. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Prins Jóló er sjúkur jólapervert

Jólatónleikar **Prins Póló** verða 15. desember. Prinsinn ætlar að taka sín eigin lög í hátíðlegum búningi auk jólalaga sem hann hefur samið gegnum tíðina og hafa með sér einvalalið tónlistarmanna.

Prins Póló er kominn í jólaflínginn – Póló er orðið Jóló og jólatónleikar komnir á dagskrána – 15. desember er dagurinn. Það er ekki seinna vænna að koma sér í flínginn núna.

„Málið er það að ég er sjúkur jólapervert. Það hefur farið svona mishátt – við byrjuðum í hljómsveitinni Rúnk þar sem við gáfum út jólaþlöt um aldamótin. Þetta gerði ég með góðu fólki eins og Benna Hemm Hemm, Hildi Guðna-dóttur, hinum annalaða Borko, Óbó og fleiri meisturum. Síðan þá hef ég alltaf búið til eitt og eitt jólaglag þannig að ég á uppsafnaðan góðan lager af jólagögum. Í öllum hljómsveitum sem ég hef verið í hef ég alltaf haft þá reglu að semja eitt jólaglag – bara svona upp á flínginn. Þessi jólagög fara mishátt – sum mjög lágt. Svo vill líka til að ég verði í bænum þarna í kringum jólin þannig að ég athugaði hvort ég gæti ekki hent í eitt jólagigg.“ segir Prinsinn alveg í skýjunum af jólaflínginn enda er hann kominn með Gamla bíó undir gíggið og einvalalið fólks með sér til að gera þetta sem jólaalegast.

„Ég ætla að gera þetta í dálítið óhefðbundnum búningi. Benedikt Hermann Hermannsson, Benni Hemm Hemm, hann ætlar að vera með mér á pianó – hann er alveg geðsjúkur pianisti – einn af okkar fremstu pianistum. Örn Eldjárn gítarvirtuós verður þarna að búa til þykkan hljóðvegg með gitarnum. Svo verður Margrét Arnardóttir á harmonikku. Þetta er bandið sem ég hef búið til úr þessum hirðingjum. Þetta er gott band enda er þetta fólk annalaðið öðlingar og snillingar. Þetta miðast allt við það að mesta pressan fari af mér yfir á þau – mitt hlutverk er að fanga jólaandann á

**ÞAR SEM MADUR ER
NÚ LÍKA BREIÐHYLT-
INGUR HUGSA ÉG AÐ ÉG LÁTI
BREIÐHOLTSSERÍUNA VANTA
– ÞÁÐ VERÐA BREIÐHOLTSS-
SERIUR, ÉG GET LOFAD ÞVI.**

sviðinu og svo fæ ég þessa snillinga til að leika lögin mín í hátíðlegum útsetningum.“

Prinsinn vill undirstrika það að þetta verða bara hans eigin lög sem verða leikin – líklega mun jólahjól til dæmis ekki fá að heyrast þetta kvöld.

„Ég er ekkert bara að fara að taka einhver helvítis jólagög, ég myndi aldrei snerta einhver jólagög eftir aðra enda hef ég algjöra óþétt á coverlagadrasli... en það er bara út af því að ég gæti aldrei lært þau – þetta er bara minnimáttar-kennd í mér. Mér finnst jólagög alveg fin. En ég ætla fyrst og fremst að taka lög

Prins Póló og svo eitthvað af þessum jólagögum sem ég hef verið að semja í gegnum árin.“

Aðspurður hvort þarna verði

**Benni Hemm
Hemm verður í
jólabandinu og
verður hlutverk
þess að taka
pressuna af Prins-
inum svo hann geti
fangað jólaandann.**

FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

einhvers konar húllumhæ – einhver atriði eða annað segist Prinsinn ekki alveg vera viss.

„Ég veit ekkert – það verður eiginlega að ráðast. Hvort við sitjum á gólfinu, stöndum á borðum eða stöndum á haus, það verður allt að koma í ljós. En þetta verður alla-vegana eins og ég hugsaði með mér, „helgislepja með hátíðarbragði“.

Þó er hann ansi hræddur um að það verði eitthvað af jólaaskrauti – líklega tré á sviðinu og fleira.

„Það þarf að efla sjónrænu hliðina enn frekar, enda eru jólin sjónrænt ævintýri. Þar sem maður er nú líka Breiðhylltingur hugsa ég að ég láti Breiðholtsseríuna ekki vanta – það verða Breiðholtsseríur, ég get lofað því.“

Miðasala er hafin á Tix.is. Það verða bara þessir einu tónleikar þannig að fólk verður að stökkva til og næla sér í miða villji það ekki koma að lokuðum dyrum.

stefanthor@
frettabladid.is



SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Víðardóttir johannaheiga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is, Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Sigfus Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Biggisson valdimar@frettabladid.is, Jón Var Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FÓLK OG SERBLÖÐ EFNÍ:** Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heidi@frettabladid.is **RÁÐAUGLÝSINGAR:** FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hannar Helgason hannar@frettabladid.is, Víbar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Ama Rut Kristinsdóttir amarute@frettabladid.is, Guðrún Inga Crétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

Til hamingju meistarar!

Valur er Íslandsmeistari karla í knattspyrnu 2018 annað árið í röð eftir spennandi og skemmtilega baráttu. ÍA náði toppsæti Inkasso deildarinnar og mætir til leiks í efstu deild á næsta ári. Norðurál er stoltur stuðningsaðili meistaranna í báðum deildum og sendir innilegar hamingjuóskir á Skagann og Hlíðarenda.

Áfram Valur og áfram ÍA!

NA
NORÐURÁL

6
1011

NO
NORÐURÁL

10

NA
NORÐURÁL

16

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF
FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifing.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKPANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



Krabbinn

Afi lá margar banalegur og fékk öll krabbamein sem voru í boði á þeirri tíð – það var í gamladata og úrválið minna. Hann endaði svo hjá Guði eins og allt gott fólk og fór þangað með viðkomu í Kálftjarnarkirkju.

Það er í annálum að amma annaðist afa af natni í langvarandi veikindum og gaf honum inn ýmis meðul bæði vottuð og minna vottuð, reseptsskyld og reseptslaus. Hann át þau öll og reykti filterlausan Camel og drakk kaffi. Brennivið drakk hann lítið undir það síðasta enda aðdrættir harðir þar sem amma var ern – og fim. Ekki er það heldur efni þessa skrifelsis.

Það er helvítis krabbinn sem fékk mig til að stinga niður penna. Nú er október að hefjast og hann verður, trúi ég, jafn bleikur og fyrrum. Reyndar kann ég, skáldið sjálft, ekki við þessa bleiku tengingu. Við orðsins menn vitum að bleikt er litur dauðans – tákn fyrir endalokin hér á jörð. En við sem trúum á Jesú Krist, krossfestan, dæinn, grafinn og upprisinn, höfum ekki teljandi áhyggjur af þeim „endalokum“.

Nú er sá tími að við eigum að hugsa til þeirra sem þjást af krabbameini, við eigum að styrkja þá og styðja. Við eigum að biðja fyrir þeim. Við eigum að vinna að forvörnum og við eigum að styrkja heilbrigðiskerfið. Lita eftir okkur sjálfum. Við eigum að taka höndum saman, svona eins og hægt er, til þess að drepa þennan vágast – sem vill helst af öllu drepa okkur og okkar.

Nú er amma farin, hún gefur ykkur því ekki mixtúrur. En það þarf jafn magnaðar manneskjur og hún var til þess að berjast gegn krabbanum. Sem betur fer eigum við þannig fólk. Styðjum það! Og hvert annað!



Opið allan
sólarhringinn
í öllum verslunum

Iceland

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér
nýjustu fréttir dagsins og
ítarlega umfjöllun um
málefni líðandi stundar.



rekkjan

HITTU OKKUR Á FACEBOOK /REKKJAN


HAUST ÚTSALA

20- 60% AFSLÁTTUR

Royal AVIANA

60% AFSLÁTTUR


Vönduð þrýstjófnumardýna. Þrýstjófnumarefnið aðlagast alveg að líkamanum og veitir stuðning á rétta staði. Verð ásamt rúmbotni og fótum.



Stærð 90X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
42.330 kr.


Fullt verð 105.826 kr.



Stærð 140X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
61.008 kr.


Fullt verð 152.521 kr.



Stærð 160X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
68.828 kr.

Fullt verð 172.071 kr.



Stærð 180X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
85.104 kr.

Fullt verð 212.760 kr.

Þjóðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalust kredittkortalán. Einnig hægt að greiða með Netgíró

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is